


Ársskýrsla Tónlistarmiðstöðvar 2025



Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2025 var stórkostlegt ár fyrir íslenska tónlist. Gróskan í tónlistarlífinu er slík að hún vekur athygli um allan heim og árangurinn virðist vart í samræmi við smæð þjóðarinnar.

Á liðnu ári bar margt hátt. Víkingur Heiðar hélt áfram sigurgöngu sinni og hlaut bæði Grammy-verðlaun fyrir Goldberg-tilbrigðin, Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs og Gullverðlaun Royal Philharmonic Society. Stjarna Laufeyjar Línar skein skærar en nokkru sinni. Hún hélt tugi uppseldra tónleika í Norður-Ameríku og víðar og seldi hundruði þúsunda miða auk þess að hljóta Grammy-verðlaun fyrir A Matter of Time. Þá komu Daníel Bjarnason og Björk að stórri alþjóðlegri útgáfu með hinni spænsku Rosalía.

Fleira íslenskt tónlistarfólk lét til sín taka á alþjóðavettvangi. Í nóvember var íslensk tónlistarinnrás gerð í Mexíkó-borg þegar Of Monsters and Men og Árný Margrét komu fram á Corona Capital tónlistarhátíðinni, Ásgeir Trausti hélt þrenna tónleika í Foro Indie Rocks og Sigur Rós hélt tvenna tónleika í Auditorio Nacional sem var liður í alþjóðlegu tónleikaferðalagi sveitarinnar þar sem hún kom fram með sinfóníuhljómsveitum í helstu tónleikasölum Evrópu og Norður-Ameríku. Fjöldi annars tónlistarfólks lagði land undir fót til að halda tónleika og taka þátt í lykilhátíðum á borð við Eurosonic, Reeperbahn Festival, by:Larm, SPOT Festival, The Great Escape, SXSW, Classical:NEXT og JazzAhead.

Hér heima var ekki síður lífligt. Kaleo dró fjölda gesta í Vaglaskóg, Mugison hélt tónleika í 100 kirkjum um land allt og tónlistarhátíðir og tónleikar mældust í þúsundum viðburða. Þá var útgáfuárið frábært og fjölbreytt eins og sjá mátti á tilnefningum til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Jafnframt er ánægjulegt að sjá aukna grósku í uppbyggingu innviða. Ný og óháð tónlistarfyrirtæki á borð við INNI, Opia Community, Marvöðu, Crescendo, Iceland Sync og Vetur Music eru að festa sig í sessi, ný kynslóð umboðsfólks er að stíga fram og íslenskir forleggjarar eru að spretta upp úr jarðveginum. Á sama tíma verður spennandi að fylgjast með flugtaki nýrrar þjóðaróperu sem Alþingi samþykkti að stofna á síðasta ári.

Þrátt fyrir þennan mikla árangur blasa ýmsar áskoranir við. Hlutfall íslenskrar tónlistar af heildarneyslu hér á landi er einungis um 20%, á sama tíma og alþjóðlega tónlistarveitan Spotify er í algjöru lykilhlutverki á íslenskum tónlistarmarkaði með um 97% markaðshlutdeild. Alþjóðleg tónleikaferðalög eru sífellt kostnaðarsamari og rekstrarumhverfi tónleikastaða og tónlistarhátíða þungt. Þá eru vinnu- og æfingarými fyrir tónlistarfólk af skornum skammti, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Á litlum markaði er vistkerfi tónlistar sérlega viðkvæmt og því skiptir sköpum að styðja við það í heild, ætlum við að halda stöðu okkar sem einstakt og eftirtektarvert tónlistarland.



Þessi staða undirstrikar mikilvægi þess að hér starfi öflug Tónlistarmiðstöð og Tónlistarsjóður. Að byggja upp sterka innviði er forsenda þess að íslensk tónlist haldi áfram að blómstra - bæði hér heima og erlendis. Við hjá Tónlistarmiðstöð erum stolt af því að vinna með og fyrir íslenskt tónlistarlíf á hverjum degi og munum áfram standa vörð um þetta mikilvæga verkefni sem Tónlistarmiðstöð var fengið.

Áfram íslensk tónlist!

María Rut Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri Tónlistarmiðstöðvar

Rekstur og starfsemi

Tónlistarmiðstöð hefur tónlistarstefnu stjórnvalda, sem gildir til ársins 2030, í heiðri í allri sinni starfsemi og starfar samkvæmt tónlistarlögum nr. 33/2023. Samkvæmt tónlistarlögum er hlutverk Tónlistarmiðstöðvar eftirfarandi:

Vera samstarfsvettvangur atvinnulífs, hagsmunasamtaka, menningarstofnana, menntastofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir í málefnum tónlistar.

Hafa umsjón með rekstri og starfsemi tónlistarsjóðs.

Stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskri tónlist og nótum og starfrækja nótaveitu fyrir íslensk tónverk.

Veita tónlistarfólki og fyrirtækjum sem markaðssetja tónlist ráðgjöf og þjónustu, styðja við útflutning á tónlist og stuðla að auknum samskiptum og tengslamyndun við erlenda aðila á sviði tónlistar.

Sinna afmörkuðum verkefnum tengdum rannsóknum og tölfraedi um íslenskan tónlistariðnað.

Styðja varðveislu menningararfleifðar á sviði tónlistar með ráðgjöf, fræðslu og þjónustu.

Meginstoðir í starfsemi Tónlistarmiðstöðvar

ÚTÓN

Stuðningur við útflutning á íslenskri tónlist með áherslu á aukin samskipti og tengslamyndun við erlenda aðila. Þátttaka í alþjóðlegum tónlistarhátíðum, kaupstefnum og ráðstefnum.

TÓNVERK

Utanhald og rekstur nótaveitu Tónlistarmiðstöðvar sem hefur að geyma um 12 þúsund tónverk íslenskra tónskálda sem eru aðgengileg þar til varðveislu, sölu og leigu.

INNTÓN

Stuðningur og ráðgjöf fyrir tónlistarfólk og fyrirtæki í íslensku tónlistarlífi. Próun og uppbygging mikilvægra innviða.

MIÐLUN

Kynning á starfsemi Tónlistarmiðstöðvar og þeirri ráðgjöf, þjónustu og tækifærum sem tónlistarfólk og fagaðilar í íslensku tónlistarlífi geta sótt þangað. Einnig kynning á íslensku tónlistarlífi út á við, árangri íslensks tónlistarfólks, viðburðum o.s.frv.

Starfsemi

Starfsfólk

Starfsfólki Tónlistarmiðstöðvar fækkaði á árinu úr 9,5 stöðugildum 2024 í 7 við lok árs. Fækkunina má rekja til lækkunar á framlagi ríkisins til reksturs miðstöðvarinnar á árinu 2026 og hækkandi kostnaðar. Sex starfsmenn miðstöðvarinnar voru í fullu starfi á árinu, tveir í hálfu starfi og einn í 80% starfi. Auk framkvæmdastjóra störfuðu fjórir sérfræðingar sem tilheyra Útón og Inntón í 3,8 stöðugildum, tveir starfsmenn sinntu markaðs- og kynningarmálum í 1,5 stöðugildi og tveir starfsmenn sinntu nótaveitunni, einnig í 1,5 stöðugildi. Yngsti starfsmaður miðstöðvarinnar var 24 ára og sá elsti 63 ára. Allt starfsfólk Tónlistarmiðstöðvar er annað hvort tónlistarfólk sjálft eða hefur mikla reynslu af störfum í íslensku og alþjóðlegu tónlistarlífi.

Húsakynni

Skrifstofur Tónlistarmiðstöðvar eru á 2. hæð að Austurstræti 5 í miðbæ Reykjavíkur. Þar er opið vinnurými, þrjú fundarherbergi, kaffistofa, geymsla fyrir tónverkadeildina og salur sem er nýttur fyrir fræðslu og aðra viðburði miðstöðvarinnar, auk þess sem í boði er að leigja salinn. Aðilum í íslensku tónlistarlífi stendur þó til boða að nýta bæði fundarherbergi og sal Tónlistarmiðstöðvar, þeim að kostnaðarlausu. Í einu fundarherberginu eru hágæða hljómflutningstæki og þar er hægt að bóka tíma til að hlusta á test-pressur fyrir vínlytugáfu. Tónlistarborgin Reykjavík leigir borð hjá Tónlistarmiðstöð. Eftir því sem starfsfólki Tónlistarmiðstöðvar hefur fækkað hefur miðstöðin leitast eftir að koma borðum eða litlum rýmum í útleigu en ekki haft erindi sem erfiði. Húsnæðið er hins vegar mjög vel nýtt og þar er oft mikið líf vegna viðburða og fræðslu / vinnustofa. Tekist hefur að mynda skemmtilegan klasa aðila í listum og skapandi greinum í húsinu. Á fimmtu hæð er t.a.m. að finna Listahátíð í Reykjavík, Sviðslistamiðstöð Íslands, Miðstöð íslenskra bókmennta, Myndlistarmiðstöð, List fyrir alla og Safnaráð.

Stjórnarstörf

Stjórn Tónlistarmiðstöðvar var skipuð til þriggja ára í ágúst 2023. Hún er skipuð sjö aðilum, tveimur skipuðum af ráðherra menningarmála og fimm sem aðrir stofnaðilar Tónlistarmiðstöðvar skipa. Þessi skipan stjórnar tryggir að ólíkar raddir tónlistargeirans heyrist þegar störf og áherslur Tónlistarmiðstöðvar eru mótuð. Árið 2025 fundaði stjórnin 12 sinnum og voru fundarefnin margvísleg. Auk kynningar á starfs- og fjárhagsáætlun 2025 og rekstrarmiðstöðum 2024, var talsvert rætt um framtíðarfjármögnun miðstöðvarinnar og tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar um sameiningu miðstöðva lista og skapandi greina og verkefnisins List fyrir alla í Listamiðstöð Íslands og fyrirætlanir ráðneytisins um sameiningu menningarsjóða. Þá fékk stjórn sérstaka kynningu á Taste of Iceland verkefninu í Bandaríkjunum frá Íslandsstofu og Iceland Airwaves frá Senu Live. Einnig var nýtt útlit nótaveitunnar kynnt fyrir stjórn sem og samantekt á endurgjöf frá þátttakendum í útflutningsverkefnum miðstöðvarinnar árið 2024. Að öðru leyti voru stjórnarstörfin venjubundin þar sem framkvæmdastjóri flutti sínar skýrslur af starfsemi og ársfjórðungsuppgjör voru lögð fram. Aðalfundur Tónlistarmiðstöðvar var síðan haldinn þann 2. maí 2025 í húsakynnum miðstöðvarinnar.

Innlent samstarf og samskipti

Ráðuneyti og sendiráð

Tónlistarmiðstöð er í reglulegum samskiptum við Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti sem fjármagnar stærstan hluta af rekstri miðstöðvarinnar. Samtalið lýtur að rekstri miðstöðvarinnar og aðgerðir í aðgerðaáætlun tónlistarstefnu stjórnvalda til ársins 2030. Tónlistarmiðstöð umsýslar einnig Tónlistarsjóð og kynnir endurgreiðslur vegna hljóðrita sem heyra undir ráðuneytið og var samstarfið þar að lútandi mjög gott. Undir lok árs gerði ráðuneytið viðauka við samning þess við miðstöðina um átak til að auka hlustun á íslenska tónlist sem verður hrint í framkvæmd árið 2026.

Þá var Tónlistarmiðstöð sömuleiðis í góðum samskiptum við Utanríkisráðuneyti og hin ýmsu sendiráð Íslands, bæði varðandi viðburði miðstöðvarinnar erlendis en einnig til að veita sendiráðunum ráðgjöf varðandi tónlistarviðburði og annað sem tengist þeirra starfsemi. Tónlistarmiðstöð tók einnig á móti nýjum sendiherrum og starfsfólki sendiráða áður en það hélt erlendis til sinna starfa og kynnti fyrir þeim hlutverk og störf miðstöðvarinnar.

Íslandsstofa

Íslandsstofa er einn helsti samstarfsaðili Tónlistarmiðstöðvar þegar kemur að verkefnum á erlendri grundu og samstarfi við helstu tónlistarhátíðir innanlands. Samstarf Íslandsstofu og Tónlistarmiðstöðvar miðar að því að koma íslenskri tónlist á framfæri á alþjóðavísu. Áherslumarkaðir í því samstarfi eru Bandaríkin, Bretland, Þýskaland og Norðurlöndin.

Tónlistarráð

Tónlistarráð var skipað til þriggja ára um mitt ár 2024 en í því eiga sæti 19 fulltrúar hinna ýmsu hagaðila í íslensku tónlistarlífi. Formaður er skipaður af ráðherra menningarmála. Hlutverk Tónlistarráðs er að vera stjórnvöldum og Tónlistarmiðstöð til ráðgjafar um málefni er varða tónlist og tekur Tónlistarráð þátt í stefnumótun Tónlistarmiðstöðvar. Tónlistarmiðstöð átti í góðu samstarfi við Tónlistarráð á árinu og sat framkvæmdastjóri Tónlistarmiðstöðvar fundi þess.

Tónlistarborgin Reykjavík

Tónlistarmiðstöð á í nánu og góðu samstarfi við Tónlistarborgina Reykjavík um margvísleg verkefni. Þar ber helst að nefna Hitakassann, Reykjavík - Nantes skiptivinnudvöl og Bransaveislu og Iceland Airwaves ráðstefnu. Umfjöllun um þau verkefni er að finna aftar í skýrslunni.

Aðrar miðstöðvar lista og skapandi greina

Tónlistarmiðstöð er í góðu samstarfi við aðrar miðstöðvar lista og skapandi greina: Hönnunarmiðstöð, Kvikmyndamiðstöð, Sviðslistamiðstöð Íslands, Miðstöð íslenskra bókmennta og Myndlistarmiðstöð. Miðstöðvarnar hittast nokkrum sinnum á ári til að bera saman bækur sínar og deila þekkingu og reynslu. Eins funduðu þær með ráðuneytinu um tillögur um sameiningu bæði sjóða og miðstöðva og komu sínum sjónarmiðum á framfæri.

Menningarfulltrúar landshlutasamtakanna

Tónlistarmiðstöð starfar á landsvísu og leggur þess vegna áherslu á gott samstarf við menningarfulltrúa landshlutasamtakanna. Fulltrúar miðstöðvarinnar tóku þátt í hraðstefnumóti menningarfulltrúanna og miðstöðvanna sem fór fram í Reykjavík þann 12. nóvember. Í samstarfi við menningarfulltrúana skipulagði Tónlistarmiðstöð fræðslu um miðstöðina, Tónlistarsjóð og upptökustuðning á Akureyri í mars og Akranesi og Blönduósi í október. Auk samtals og samstarfs við menningarfulltrúana leggur Tónlistarmiðstöð kapp á að bjóða upp á streymi frá fræðsluviðburðum og ráðgjöf fyrir tónlistarfólk og fagfólk í tónlist

Rekstur 2025

Árið 2025 markaði fyrsta heila rekstrarár miðstöðvarinnar eftir uppbyggingarfasa og gefur því í fyrsta sinn raunhæfa mynd af kostnaði og umfangi starfseminnar. Rekstrarniðurstaða ársins 2025 var jákvæð um 9,2 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Stjórn leggur þó áherslu á að jákvæð rekstrarniðurstaða ársins skýrist af tekjufærslum sem tengjast rekstrarárinu 2026, þar á meðal framlagi frá stofnaðilum og sértæku verkefnaframlagi frá ríkinu. Að teknu tilliti til þess er undirliggjandi rekstur áfram krefjandi og svigrúm í rekstri takmarkað. Í ljósi þess að Tónlistarmiðstöð gegnir lykilhlutverki við þróun og uppbyggingu innviða í íslensku tónlistarlífi og sinnir fjölbreyttri starfsemi á sviði þróunar, stuðnings og alþjóðlegrar sóknar er mikilvægt að tryggja miðstöðinni stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi. Slíkur stöðugleiki er forsenda þess að miðstöðin geti áfram sinnt hlutverki sínu með árangursríkum hætti og staðið undir þeim væntingum sem til hennar eru gerðar.

Tekjur

Tónlistarmiðstöð er fjármögnuð með rekstrarframlögum frá ríki sem og stofnaðilum. Aðrar tekjur koma frá rekstri nótnaveitu, umsýslu tónlistarsjóðs, utanumhaldi með kynningu á Record in Iceland og hinum ýmsu samstarfsaðilum vegna margvíslegra verkefna.

Gjöld


Útgjaldaliðir Tónlistarmiðstöðvar fyrir rekstrarárið 2025 eru laun og launatengd gjöld, úthlutaðir styrkir og aðkeypt þjónusta og skrifstofu- og rekstrarkostnaður, þ.á.m. ferðakostnaður.

Frekari upplýsingar um skiptingu gjalda og tekna og niðurstöður rekstrarársins 2025 má sjá í ársreikningi.

Skipting tekna

Rekstrarframlag frá ríkissjóði	150,0
Record in Iceland - kostnaður og umsýsla	12,0
Umsýsla Tónlistarsjóðs - kostnaður og umsýsla	10,3
Verkefnaframlag ríkis vegna átaks	11,0
Framlag stofnaðila (SFH & STEF) v. 2025	5,0
Framlag stofnaðila (SFH & STEF) v. 2026	10,0
Höfundalaun v. Jóns Leifs	0,2
Sala/leiga nótna í nótnaveitu	4,4
Aðrar tekjur	18,1


Heildartekjur (í m.kr.) 221,0



Skipting gjalda

Laun og launatengd gjöld	138,0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	57,6
Úthlutaðir styrkir og aðkeypt þjónusta	12,6
Afskriftir	2,5

Heildargjöld (í m.kr.) 210,7



Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld samtals -1,1

Niðurstaða (í m.kr.) 9,2

Yfirlit yfir helstu verkefni erlendis

Þátttaka í erlendum tónlistarhátíðum, tónlistarkaupstefnum og ráðstefnum.

22

Viðburðir

13

Lönd

100+

Þátttakendur

SXSW

Austin, Texas

Í mars tók Tónlistarmiðstöð þátt í SXSW þriðja árið í röð og hefur viðvera Tónlistarmiðstöðvar á SXSW aukist jafnt og þétt. Þrjú íslensk tónlistaratriði komu fram á hátíðinni: Lúpína, superserious og Sunna Margrét. Tónlistarmiðstöð og Íslandsstofa, auk Iceland Airwaves, stóðu fyrir Iceland Airwaves off-venue tónleikum og á undan tónleikum var boðið til móttöku fyrir fagaðila. Auk tónleikanna var haldin Meet the Icelanders móttaka, þar semlistafólkið kom fram og Record in Iceland verkefnið var kynnt. Einnig stóðu norrænu útflutningsskrifstofurnar fyrir JaJaJa móttöku þar sem fulltrúar Finnlands, Svíþjóðar og Íslands á SXSW voru á staðnum og hittu gesti.

Taste of Iceland

Norður-Ameríka

Taste of Iceland var haldið fjórum sinnum í Bandaríkjunum og Kanada á árinu - í Chicago, Nashville, Boston og Toronto. Þar kom íslenskt tónlistarfólk fram á tónleikum, móttökur fyrir fagaðila voru haldnar og Record in Iceland verkefnið var kynnt fyrir gestum. Þátttaka Tónlistarmiðstöðvar og tónlistarfólks er unnin í nánu samstarfi við Íslandsstofu, Iceland Airwaves og FINN Partners markaðsstofu sem kemur viðburðinum og tónlistarfólkinu á framfæri með umfjöllun og viðtölum. Á Taste of Iceland Toronto voru aukinheldur haldnir sérstakir tónleikar þar sem þeir Óskar Guðjónsson og Skúli Sverrisson komu fram og Jazzhátíð Reykjavíkur var kynnt í fyrsta sinn á Taste of Iceland. Annað tónlistarfólk sem kom fram á Taste of Iceland 2025 voru þau Árný Margrét, gugusar, Lúpína, Rakel, Spacestation, Sunna Margrét og superserious.

Íslenskur jazz í Kanada

Samstarf Tónlistarmiðstöðvar og Samtaka jazzhátíða í Kanada, sem hófst með undirbúningi árið 2024, bar ríkulegan ávöxt á árinu. Markmið samstarfsins er að skapa brú fyrir íslenskt jazztónlistarfólk inn á kanadískan markað með bókunum á vegum samtakanna. Árið 2025 var þetta samstarf prófað í fyrsta sinn. Tónlistarmiðstöð lagði fram tillögur að íslensku listafólki sem samtökin fóru yfir á aðalfundi sínum og fengu tónlistarkonan Anna Gréta og hljómsveitin Hist og bókanir í kjölfarið. Bæði atriðin komu fram á jazzhátíðum í Edmonton og Ottawa, auk þess að halda eigin tónleika í Toronto. Til að fylgja eftir þessum árangri og dýpka tengslin við Samtök jazzhátíða í Kanada enn frekar var Petr Cancura, formanni þeirra, boðið á Jazzhátíð Reykjavíkur síðsumars.

Íslendingadagurinn,

Manitoba, Kanada

Íslendingadagurinn í samstarfi við Manitoba Music bauð til vinnustofu og móttöku undir heitinu Woven Together: Manitoba–Iceland Music Export Discussion & Mixer. Fulltrúa Tónlistarmiðstöðvar var boðið til þátttöku og kynnti m.a. starf Tónlistarmiðstöðvar og Record in Iceland verkefnið. Móttakan var vel sótt, aðallega af tónlistarfólki sem býr í Manitoba sem hefur áhuga á að koma fram og hljóðrita á Íslandi. Undanfarin misseri hafa tengsl Tónlistarmiðstöðvar og Manitoba Music styrkst, samhliða vaxandi áhuga Kanada á evrópskum mörkuðum.

SHIP Festival

Šibenik, Króatía

Fulltrúi Tónlistarmiðstöðvar tók þátt í pallborði á ráðstefnuhluta hátíðarinnar undir heitinu More Than Miles: Measuring What Matters in Music Export, þar sem rætt var um mælikvarða árangurs í útflutningi á tónlist. Auk þess kom hljómsveitin Inspector Spacetime fram á hátíðinni. Hún fékk góða fjölmiðlaumfjöllun og komu m.a. bókarar frá Eurosonic og fleiri evrópskum tónlistarhátíðum á tónleikana.



Mexico NO/IS/FO

Mexíkóborg, Mexíkó

Tónlistarmiðstöð, ásamt Music Norway og Faroe Music Export, fékk styrk frá LIVEMX (40.000 EUR) og Norræna menningarsjóðnum (20.000 DKK) til að skipuleggja norræna innreið á mexíkóskan tónlistarmarkað með það að markmiði að skapa tækifæri fyrir norrænt tónlistarfólk og mynda tengsl við fagaðila í tónlistariðnaðinum. Verkefnið fæddist eftir viðskiptaleiðangur til Mexíkó á vegum EMEE tengslanetsins (European Music Exporters Exchange) árið 2023. Verkefninu var þannig háttað að einum tónlistarmanni/hljómsveitt frá hverju landi var boðið að taka þátt eftir opið kall. Þátttakan fólst í þrennum tónleikum á Foro Indie Rocks, frægum tónleikastað í Roma-hverfi Mexíkóborgar. Skilyrði fyrir þátttöku var að þátttakendur væru að gefa út nýja tónlist og gætu því kynnt hana í gegnum verkefnið. Voru tónleikarnir kynntir sem útgáfutónleikar og skiptist tónlistarfólkið á að vera aðalatriði tónleikanna. Tónlistarfólkið sem fyrir valinu varð voru þau Ásgeir (IS), Elinborg (FO) og Moyka (NO). Tónleikar Ásgeirs voru liður í kynningarherferð Julie, nýrrar breiðskífu listamannsins sem kom út á vegum One Little Independent.

Dagskrá vikunnar í Mexíkóborg var þétt. Fyrstu tónleikar vikunnar fóru fram strax daginn eftir að hópurinn var lentur, og svo tvennir aðrir hljótleikar eftir því sem á leið á vikuna. Þeir síðustu í röðinni voru laugardaginn 22. nóvember, en þeir voru kynntir sem útgáfutónleikar Ásgeirs.. Fjölmarginir fagaðilar mættu á tónleikana, auk annara gesta og þurfti að færa tónleikana á stærra svið vegna aðsóknar. Dagarnir á milli hljótleika voru svo vel nýttir í kynningarstarf, ma. viðtöl við fjölmiðla, hlustunarviðburði og fyrirtækjaheimsóknir, m.a. til Google í Mexíkó þar sem fundað var með Youtube Music. Norska sendiráðið í Mexíkó bauð til veglegrar móttöku fyrir fagaðila en hana sóttu margir góðir gestir, svo sem fulltrúar frá Spotify Mexíkó, OCESA stærsta tónleika- og viðburðafyrirtæki Mexíkó, mexíkóskt umboðs- og listafólk.

AIM Connected

London, Bretland

AIM Connected er árleg ráðstefna í London sem er skipulögð af Association of Independent Music (AIM). Skipuleggjendur buðu fulltrúa frá Tónlistarmiðstöð að taka þátt í umræðum undir fyrirsögninni Government Support in Music, ásamt Kees Van Weijen fyrrverandi framkvæmdastjóra IMPALA Independent Music Companies Association. Á fundinum var Record in Iceland verkefnið kynnt fyrir breiðum hópi fagaðila frá Bretlandi og Evrópu, auk þess sem hlutverki Tónlistarmiðstöðvar og nýs Tónlistarsjóðs voru gerð góð skil. Samhliða þessu gafst tækifæri til að fræðast um það stuðningsnet sem stendur íslensku tónlistarfólki til boða í Bretlandi og Evrópu.

Eurosonic tónlistarhátíðin

Groningen í Hollandi

Fulltrúar Íslands á Eurosonic 2025 voru þau Sunna Margrét, Kaktus Einarsson og Supersport, en síðast-nefnda sveitin var valin til þátttöku af Rás 2. Í samstarfi við bresku kynningarskrifstofuna Global Publicity var unnið að kynningu á íslenska hópnum, auk þess sem Record in Iceland verkefnið var sérstaklega kynnt fyrir alþjóðlegum miðlum. Fagaðilamóttaka sem var haldin í samstarfi við Faroe Music Export á veitingastaðnum Pacific nýttist vel til tengslamyndunar við blaðafólk, tónleikabókara og fulltrúa evrópskra tónlistarhátíða. Á vegum miðstöðvarinnar sóttu einnig tveir íslenskir fagaðilar hátíðina, en þau voru valin úr röðum umsækjenda og hlutu ferðastyrk og aðgangsmiða á hátíðina.



Classical:NEXT

Berlín, Þýskaland

Í maí tók Tónlistarmiðstöð einnig virkan þátt í Classical:NEXT í Berlín. Hátíðin er mikilvægasta kaupstefna heims á sviði sígildrar og samtímatónlistar. Fjölmennur hópur íslensks tónlistarfólks og fagaðila tóku þátt í hátíðinni og voru íslensk verkefni í forgrunni: flautuhópurinn viibra hélt kynningartónleika og Sigrún Sævarsdóttir–Griffiths frá Metamorphonics/Kordu samfóníu leiddi vinnusmiðju um skapandi forystu. Fulltrúi Tónlistarmiðstöðvar leiddi opna vinnusmiðju á vegum norræna STATUS netverksins um stöðu samtímatónlistar, auk þess að taka þátt í samtali á vegum IAMIC (International Association of Music Information Centres). Þá var Valgerður Halldórsdóttir, umboðskona og kynningarstjóri Myrkra músíkdaga einnig í pallborði um stöðu tónlistarhátíða. Íslenska sendiráðið aðstoðaði á hátíðinni með starfsmanni í norræna básnum, ásamt því að skipuleggja móttöku í samstarfi við hin norrænu sendiráðin í Berlín.

NOMEX Trade Mission á Summer Breeze Dinkelsbühl, Þýskaland

NOMEX (Nordic Music Export), undir forystu Swedish Music Export, skipulagði viðskiptaleiðangur á þungarokkshátíðina Summer Breeze Open Air í Þýskalandi í ágúst. Hátíðin tekur á móti 40.000 gestum á hverju ári og er meðal stærstu og virtustu þungarokkshátíða í Evrópu. Í ferðinni var boðið upp á fjölmarga viðburði með lykilaðilum úr evrópsku þungarokkssenunni. Tónlistarmiðstöð kallaði eftir þátttakendum með opnu kalli og varð Gísli Sigmundsson frá þungarokkshátíðinni Sátunni fyrir valinu.

Nordic Film Music Days

Berlín, Þýskaland

Íslensk kvikmyndatónskáld voru áberandi á Nordic Film Music Days (NFMD) í Berlín í febrúar sem haldin er samhliða alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Berlinale. Tónlistarmiðstöð skipulagði þátttöku íslensks hóps til að sækja viðburði og efla tengslanet sitt. Högni Egilsson var tilnefndur til norrænu kvikmyndatónlistarverðlaunanna HARPA fyrir tónlistina í kvikmyndinni Snertingu. Undir lok árs hófst undirbúningur fyrir 2026 þar sem Tónlistarmiðstöð mun eiga sæti í nýju dagskráráði NFMD.

jazzahead!

Bremen, Þýskaland

Tónlistarmiðstöð tók þátt í jazzahead! kaupstefnunni í Bremen í Þýskalandi í lok apríl. Sendinefndin frá íslensku jazz-senunni taldi 13 manns sem kynntu ýmis íslensk verkefni. Fyrir tilstilli Tónlistarmiðstöðvar voru skipulagðir samnorrænir kynningartónleikar undir heitinu Nordic Clubnight. Systurstofnanir miðstöðvarinnar frá Færeyjum, Finnlandi og Noregi tóku þátt í verkefninu sem tókst sérlega vel og var vel sótt. Fulltrúar Íslands voru Óskar Guðjónsson og Magnús Jóhann með verkefni sitt Fermented Friendship, sem hlaut góðar viðtökur. Tónlistarmiðstöð naut stuðnings frá sendiráði Íslands í Berlín sem aðstoðaði við mönnun kynningarbáss og tengslamyndun á þýska markaðinum. Þá fundaði fulltrúi Tónlistarmiðstöðvar með forsvarsfólki jazzhátíða og bókunarskrifstofa, bæði í Kanada og Þýskalandi.

by:Larm og Top 20 under 30

Osló, Noregur

Tónlistarmiðstöð sótti by:Larm tónlistarhátíðina í Osló um miðjan september. Þar fór fram verðlaunaafhending vegna NOMEX Top 20 under 30 þar sem þau Agnes Hlynsdóttir og Snorri Ástráðsson voru tilnefnd fyrir Íslands hönd. Tengslanet norræna útflutningsskrifstofa (NOMEX) stendur árlega fyrir verkefninu. Þar hljóta tuttugu ungir fagaðilar frá Norðurlöndunum viðurkenningu fyrir störf sín, en markmiðið er að varpa ljósi á framlag þeirra og efla alþjóðlegt tengslanet þeirra. Íslenska rafsveitin Digital Ísland kom fram á hátíðinni og Kim Wagenaar, markaðs- og kynningarstjóra Iceland Airwaves, var einnig boðið á hátíðina fyrir tilstilli Tónlistarmiðstöðvar.

Northern Connection

Tónlistarmiðstöð er þátttakandi í norræna samstarfsverkefninu Northern Connection. Árið 2025 var víóluleikarinn Þórhildur Magnúsdóttir valin til samstarfs við danska tónskáldið S. Gerup. Verk þeirra var frumflutt á Myrkum músíkdögum í janúar 2026, auk þess sem það verður flutt á Klang Festival í Kaupmannahöfn í júlí 2026. Verkefnið styrkir tengsl á milli norræna hátíða og skapar ný tækifæri fyrir flytjendur og tónskáld.

Berlin Experience / Reeperbahn Festival Berlín og Hamborg, Þýskaland

Í aðdraganda Reeperbahn tónlistarhátíðarinnar tók Tónlistarmiðstöð þátt í tengslamyndunardagskránni Berlin Experience. Dagskráin, sem var skipulögð af hátíðinni, fór fram í Felleshus, húsnæði norrænu sendiráðanna í Berlín. Auðunn Atlason sendiherra Íslands í Þýskalandi, setti viðburðinn, bauð gesti velkomna og hélt stutt erindi. Fulltrúi Tónlistarmiðstöðvar kynnti síðan Record in Iceland fyrir um 150 fagaðilum í tónlist frá ýmsum þjóðlöndum. Eftir hádegi fóru þátttakendur í vettvangsheimsóknir til útgefenda, forleggjara og hljóðvera í Berlín, áður en haldið var til Hamborgar. Fagaðilar sem tóku þátt frá Íslandi fyrir tilstilli Tónlistarmiðstöðvar voru Brynja Guðmundsdóttir (Iceland Sync) og Hildur Maral (OPIA) en þær voru valdar úr hópi umsækjenda. Auk þeirra var með í för Aurora Di Rienzo, umboðsmaður Inspector Spacetime. Þrjú íslensk atriði komu fram á Reeperbahn: JFDR, Cyber og Inspector Spacetime. Í kjölfar hátíðarinnar gerði Inspector Spacetime samning við bókunarskrifstofuna MCT í Þýskalandi.

NOMEX Trade Mission

Los Angeles, Bandaríkin

NOMEX (Nordic Music Export), undir forystu Music Norway og í samstarfi við Christiana Sudana, skipulagði viðskiptaleiðangur til Los Angeles fyrir Norræna fagaðila í tónlist. Megináhersla ferðarinnar var lögð á sync, þ.e. tónlist við mynd og samanstöð dagskráin af fyrirtækjaheimsóknum, fyrirlestrum, pallborðsumræðum og tengslamyndunarviðburðum. Tónlistarmiðstöð kallaði eftir þátttakendum með opnu kalli en það voru þær Rakel Mjöll frá Öldu Music og Soffía Kristín Jónsdóttir frá Iceland Sync sem urðu fyrir valinu.



Nordic Folk Alliance (NFA)

Uppsölum, Svíþjóð

Nordic Folk Alliance fór fram í Uppsölum í Svíþjóð í apríl. Eftir opið kall urðu þær Ása og Ásta (Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir og Ásta Soffía Þorgeirsdóttir) fyrir valinu sem fulltrúar Íslands á hátíðinni. Samhliða hátíðinni var einnig ráðstefnudagskrá með pallborðum, fyrirlestrum, tengslamyndunarviðburðum og vinnustofum. Aðrir þátttakendur frá Íslandi voru þau Martin Sörensen, umboðsmaður Marínu Óskar og Arngerður María frá Umbra Ensemble.

WOMEX

Tampere, Finnland

Heimstónlistarhátíðin WOMEX (World Music Expo) fór fram í október í Tampere í Finnlandi. Íslenski hópurinn taldi alls sjö manns en auk fulltrúa frá Tónlistarmiðstöð voru Ásgeir Ásgeirsson, Svavar Knútur og meðlimir hljómsveitanna Breks og Umbru með í för. Tónlistarfólkið var þar til að kynna sín verkefni og hátíðirnar Vaka Folk Festival og Reykjavík Folk Festival. Þátttakendur tóku þátt í Nordic / Baltic tengslamyndunarfundum og fundum á vegum þýsku tónlistarskrifstofunnar. Fulltrúi Tónlistarmiðstöðvar mannaði jafnframt sameiginlegt svæði Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna, tók þar fundi og kynnti Record in Iceland.

The Great Escape (TGE)

Brighton, Bretland

TGE showcasehátíðin fór fram í Brighton í maí og Tónlistarmiðstöð tók þátt líkt og síðustu ár. Þetta árið var Tónlistarmiðstöð opinber samstarfsaðili hátíðarinnar sem fól í sér meiri sýnileika á bæði miðstöðinni og íslensku hljómsveitunum í öllu efni sem tengdist hátíðinni og voru íslensku sveitinar m.a. kynntar í myndbandi sem sýnt var á stórum skjám inni á ráðstefnuhluta hátíðarinnar. Önnur kynningarvinna vegna TGE var unnin innanhúss í Tónlistarmiðstöð. Tvær íslenskar sveitir komu fram á hátíðinni, Cyber og Spacestation og komu þær báðar fram tvisvar. Sveitunum fylgdi fríður hópur fagaðila frá Marvöðu, samstarfsaðila Cyber og Öldu Music, samstarfsaðila Spacestation. Auk tónleikanna tók Tónlistarmiðstöð þátt í móttöku Norræna útflutningsskrifstofa undir merkjum JaJaJa. Fjöldi fagaðila lagði leið sína í móttökuna sem nýttist íslensku fagaðilunum vel til tengslamyndunar.

Taste of Iceland Tókýó / Heimssýningin í Osaka.

Japan

Tónlistarmiðstöð bar ábyrgð á tónlistardagskrá Taste of Iceland í Tókýó og viðburðum í tengslum við þjóðardag Íslands á Heimssýningunni í Osaka í lok maí. Verkefnið hófst með fjölmiðlamóttöku í Tókýó þar sem Ásgeir og JFDR komu fram. Sérstakur heiðursgestur var Halla Tómasdóttir, forseti Íslands og ávarpaði hún vel sóttu samkomuna.

Þjóðardagur Íslands var svo haldinn hátíðlegur á heimssýningunni EXPO í Osaka en þar var tónlistin í forgrunni. Að lokinni móttöku í sameiginlegum skála Norðurlandanna fór fram hátíðardagskrá, að viðstöddum forseta Íslands, undir yfirskriftinni „Friður og jafnrétti“. Eftir að forseti hafði ávarpað samkomuna komu þau JFDR, Ásgeir og Gabríel Ólafs fram. Viðburðurinn þótti afar vel heppnaður og vakti hann mikla athygli fjölmiðla.

Daginn eftir fóru fram Taste of Iceland tónleikar á tónleikastaðnum Space ODD í Shibuya í Tókýó. Þar stigu JFDR og Ásgeir á svið, en uppselt var á tónleikana og komust færri að en vildu. Samhliða tónleikunum var haldin fagðaílamóttaka í Tókýó til að kynna endurgreiðslukerfin Film in Iceland og Record in Iceland. Um hundrað fagaðilar í kvikmyndum og tónlist sóttu móttökuna sem skartaði sendiherra Íslands í Japan, forseta Íslands og borgarstjóra Reykjavíkur. Að kynningum loknum lék Gabríel Ólafs fyrir gesti.

Skiptivinnudvölin Reykjavík - Nantes

Tónlistarmiðstöð tók þátt í skipulagningu skiptuvinnudvalarinnar Reykjavík - Nantes sem Tónlistarborgin Reykjavík og tónlistarklasinn Trempo í Nantes leiða í samstarfi við fjölmarga aðila. Markmið verkefnisins er að tengja tónlistarsamfélög borganna og stuðla að sjálfbæru samstarfi með því að nýta kraft tónlistar og sköpunar. Vinnudvölin býður útvöldum einstaklingum tækifæri til að sinna listsköpun og skapa ný tónlistarleg tengsl á nýjum stað. Tónlistarmaðurinn Úlfur Eldjárn var valinn úr hópi íslenskra umsækjenda og dvaldi hann í Nantes í september. Franska tónlistarkonan Julie Trouvé var valin úr hópi franskra umsækjenda og dvaldi hér á landi í október/nóvember.

Mercat de Música Viva de Vic

Vic, Spánn

Fulltrúa Tónlistarmiðstöðvar var boðið á tónlistarhátíðina Mercat de Música Viva de Vic í september en skipuleggjendur hátíðarinnar hafa lýst yfir miklum áhuga á að styrkja tengslin við íslenskt tónlistarlíf. Tónlistarmiðstöð kynnti Record in Iceland og lagalista miðstöðvarinnar fyrir fagaðilum á hátíðinni. Með í för voru Pétur Oddbergur Heimisson frá Jazzhátíð Reykjavíkur og Sveinn Snorri Sverrisson umboðsmaður. Magnús Jóhann og Óskar Guðjónsson komu jafnframt fram á hátíðinni í hinni stórbrotnu Església Dels Dolors kirkju.

Alþjóðlegt samstarf

NOMEX, IAMIC, STATUS og EMEE

Tónlistarmiðstöð er þátttakandi í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. NOMEX (Nordic Music Export) er samstarf norrænna útflutningskrifstofa, IAMIC (International Association of Music Information Centres) er alþjóðlegt tengslanet tónlistarmiðstöðva, STATUS er norrænt tengslanet samtímatónlistarskrifstofa og EMEE (European Music Exporters Exchange) er evrópskt tengslanet útflutningskrifstofa.

Í slíku alþjóðlegu samstarfi verða til margvísleg verkefni en ekki síst gengur samstarfið út á þekkingarmiðlun. NOMEX stendur m.a. árlega fyrir verkefninu Top 20 under 30, móttökum á hinum ýmsu alþjóðlegu viðburðum og viðskiptaleiðöngrum á ólíka tónlistarmarkaði.

EMEE vinnur að eflingu alþjóðlegs sýnileika og útflutnings evrópskrar tónlistar. Samstarfið felur í sér þekkingarmiðlun og ýmis sameiginleg verkefni, greiningu á mörkuðum og eflingu tengslanets innan aðildarlanda EMEE en einnig á fjarmörkuðum. Tónlistarmiðstöð hefur tekið þátt í viðskiptaleiðöngrum á vegum EMEE eftir því sem færi hefur gefist en tók ekki þátt í neinum slíkum á árinu. Fulltrúi Tónlistarmiðstöðvar sat aðalfund EMEE á Eurosonic hátíðinni í Groningen í janúar.

Tónlistarmiðstöð leiðir norræna netverkið STATUS sem eflir samskipti á sviði samtímatónlistar. Á árinu var gefin út skýrsla um starf netverksins 2023–2025. Þá tók fulltrúi miðstöðvarinnar þátt í aðalfundi IAMIC í Belgrad, þar sem ný gildi fyrir samtökin voru samþykkt og fulltrúi Tónlistarmiðstöðvar var kjörinn í stjórn samtakanna til tveggja ára.



Yfirlit yfir helstu verkefni innanlands

32

Fræðslu- og tengslaviðburðir

5

Innlendar samstarfshátíðir

4

Blaðamannaferðir á íslenskar hátíðir

10

Heimsóknir innlendra/erlendra hópa

12

Utanaðkomandi viðburðir

Kynningarsamstarf við innlendar tónlistarhátíðir

Kynningarsamstarf Tónlistarmiðstöðvar við innlendar tónlistarhátíðir hefur það tvíþætta markmið að auka sýnileika hátíðanna og nýta þær sem vettvang til að kynna íslenska tónlist á alþjóðavísu. Í samstarfinu er lögð áhersla á að miðla eftirfarandi skilaboðum til erlendra fagaðila og fjölmiðla:

Samfélag: Smæð og samstarf íslenska tónlistargeirans sem uppspretta ótæmandi sköpunarbrunnis.

Ísland sem menningarleg brú: Staða Íslands sem „mid-atlantic hub“ á milli Evrópu og Ameríku.

Menningaráfangastaðurinn Ísland: Ísland sem eftirsóknarverður áfangastaður fyrir tónlist og menningu.

Með markvissum almannatengslum og gestadagskrám styrkir miðstöðin alþjóðlega tengslamyndun og stuðlar að auknum útflutningi íslenskrar tónlistar.

Jazzhátíð Reykjavíkur

Jazzhátíð Reykjavíkur fór fram dagana 26. - 31. ágúst. Tónlistarmiðstöð hýsti opunarviðburð hátíðarinnar og skipulagði sérstaka gestadagskrá sem spannaði fimm daga með áherslu á tengslamyndun við íslensku jazzsenuna. Þar var meðal annars boðið til árbítsspjalls þar sem fagaðilar og listafólk ræddu tækifæri á kanadíska markaðnum við formann Samtaka jazzhátíða í Kanada, Petr Cancurra. Tónlistarmiðstöð hélt einnig utan um fjölmiðlaferð í samstarfi við Íslandsstofu og bauð þremur blaðamönnum á hátíðina. Alls birtust 14 greinar í átta erlendum miðlum fyrir tilstilli almannatengslastarfs miðstöðvarinnar.

„When the music, the company, and the surroundings align, the festival becomes more than a series of performances; it becomes a fully immersive and transformative experience. Iceland offered both inspiration and serenity, making this edition of the Reykjavik Jazz Festival a memorable highlight in every sense.“

- Nenad Georgievski, All About Jazz

Iceland Airwaves blaðamannaferðir

Tónlistarmiðstöð, í samstarfi við bresku almannatengslaskrifstofuna Inside Out, Íslandsstofu og Iceland Airwaves stóð fyrir tveimur blaðamannaferðum í tengslum við Iceland Airwaves hátíðina, annars vegar í september og hins vegar í nóvember. Alls tóku 25 erlendir blaðamenn þátt í þessum tveimur ferðum og skiluðu þær 67 greinum í alþjóðlega miðla. Umfjöllunin um hátíðina og íslenska tónlistarmenningu hefur ef til vill aldrei verið jákvæðari.

„Iceland Airwaves is truly one of a kind. The type of place that restores your faith in humanity.“

- Maddie Mussen, London Evening Standard

„With 110 artists from 20 countries, Iceland Airwaves is strategically positioned as a cultural bridge between musical epicentres of New York and London.“

- Charis McGowan, Songlines

„All roads ultimately led back to common ground: collaboration and community.“

- Sophie Walker, The Line of Best Fit



Myrkir músíkdagar

Tónlistarmiðstöð átti í umfangsmiklu samstarfi við Myrkra músíkdaga sem fram fóru í janúar. Í samvinnu við Íslandsstofu var þremur erlendum fjölmiðlum boðið að fjalla um hátíðina; Wallpaper, Seismograf og Brooklyn Rail. Miðstöðin stýrði auk þess gestadagskrá fyrir erlenda fagaðila frá hátíðum á borð við Klang Festival, Ultima og Estonian Music Days. Hluti af samstarfinu var kynningarviðburðurinn PODIUM og tengslamyndunarfundurinn Dark Mingle, þar sem íslensk tónskáld og listafólk kynntu verk sín beint fyrir erlendum stjórnendum.

„With its cornerstone values grounded in collaboration, curiosity and creative problem-solving (because you can't live in a country ruled by such extreme weather and natural conditions without a little creative problem-solving), a glimpse into the current crop of breakthrough artists and innovators reveals a scene that is defiantly anti-algorithm and notably women-led.“

- Lisa Wright, Wallpaper Magazine



Hátíðapotturinn

Á árinu 2025 var sett á laggirnar tilraunaverkefnið Hátíðapotturinn í samstarfi við Íslandsstofu. Hátíðapotturinn veitir íslenskum tónlistarhátíðum stuðning til að bjóða erlendum gestum, á borð við blaðamenn og listræna stjórnendur, til Íslands. Markmiðið er að kynna íslenskar tónlistarhátíðir og tónlist á alþjóðavettvangi, auka sýnileika þeirra og styrkja tengslanet. Tvær hátíðir hlutu stuðning í fyrstu úthlutun; þungarokkshátíðin **Sátan** í Stykkishólmi og samtímatónlistarhátíðin **State of the Art** í Reykjavík.



State of The Art

State of the Art var haldin í annað sinn í október 2025 víðsvegar um Reykjavík. Markmið hennar er að skapa vettvang fyrir samstarf listamanna úr ólíkum áttum og leita að nýju samhengi fyrir tónlist, óháð hefðbundnum stefnum og straumum.

Þótt áskoranir í undirbúningi hafi orðið til þess að boð til erlendra miðla nýttust ekki sem skyldi, náðist fram mikilvægur ávinningur fyrir framtíðina:

Áhugi miðla

Alþjóðlegir miðlar á borð við The Face, Quietus og BBC 3 hafa lýst yfir áhuga á hátíðinni og óskað eftir upplýsingum fyrir árið 2026.

Samlegðaráhrif

Vegna samstarfs við myndlistartværinginn Sequences rataði hátíðin í umfjallanir hjá Brooklyn Rail og Apollo Magazine.

Kynningarefni

Hluti styrksins var nýttur í framleiðslu kynningarmyndbands sem þegar hefur gagnast vel í dreifingu á miðlum miðstöðvarinnar og hjá Inspired by Iceland.

Almannatengslastörf fyrir árið 2026 eru þegar hafin og hefur myndbandið verið nýtt sem lykilverkfæri í þeirri vinnu.

Sátan

Stuðningurinn við Sátuna skilaði markvissum árangri þar sem þrír erlendir blaðamenn og fagaðilar sóttu hátíðina og birtu ítarlegar umfjallanir í miðlum á borð við Metal.de og Wyatt's Metal Channel. Þar að auki hélt miðstöðin tengslamyndunarviðburð á opunardeggi hátíðarinnar ásamt því að Record in Iceland bauð fagaðilum í hádegismat þar sem verkefnið var kynnt. Tónlistarmiðstöð tók einnig virkan þátt í mótun metnaðarfullrar ráðstefnudagskrár hátíðarinnar í samstarfi við alþjóðlegu almannatengslaskrifstofurnar Susperia PR og Northstar Media. Áhersla var lögð á hagnýta fræðslu fyrir tónlistarfólk, svo sem vinnustofur í gítar- og bassaleik ásamt pallborði um sjálfbæran starfsferil og leiðir til að ná árangri á erlendri grundu. Einnig kafaði dagskráin djúpt í menningarlegt samhengi senunnar en þar bar hæst erindi Guðna Th. Jóhannessonar, fyrrverandi forseta Íslands, sem fjallaði um notkun Íslendingasagnanna í dægurmenningu og bar yfirskriftina „Til varnar Valhallar“.

„Þó að það hafi tvímælalaust verið mikill heiður að **Sátan** hafi hlotið úthlutun úr Hátíðapotti Tónlistarmiðstöðvar og við verið mjög þakklát fyrir traustið sem okkur er sýnt með þeirri úthlutun, þá var það ekki síður aðkoma Tónlistarmiðstöðvar að skipulagningu og framkvæmd ráðstefnudagskrár Sátunnar sem skipti sköpum á síðustu hátíð. Styrkir í formi fjármagns eru alltaf vel þegnir og jafnvel nauðsynlegir fyrir hátíðir eins og Sátuna en það er aldrei sjálfgefið að fá svona faglega og mikla persónulega aðstoð eins og við fengum frá starfsfólki Tónlistarmiðstöðvar og fyrir það erum við gríðarlega þakklát.“

- Gísli Sigmundsson, hátíðarstjóri Sátunnar

Fræðsla og ráðgjöf

Tónlistarmiðstöð stóð fyrir umfangsmikilli og fjölbreyttri fræðsludagskrá árið 2025 sem miðaði að því að valdefla tónlistarfólk og fagfólk í geiranum. Auk stærri fræðsluverkefna sinna sérfræðingar Tónlistarmiðstöðvar margvíslegri ráðgjöf allan ársins hring, þar sem boðið er upp á fjar- og staðfundi sem bókaðir eru í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar.

Árið einkenndist af öflugu samstarfi við hagsmunaaðila og sérstakri áherslu á rekstrarumhverfi, starfsskilyrði og alþjóðlega tengslamyndun. Flestir fræðsluviðburðir voru jafnframt í beinu streymi til að tryggja aðgengi, óháð staðsetningu.



Bransaveisla

Bransaveisla Tónlistarmiðstöðvar og Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur var haldin í fimmta sinn dagana 4. - 7. nóvember, með stuðningi frá Íslandsstofu. Markmið veislunnar, sem er haldin í aðdraganda Iceland Airwaves hátíðarinnar, er að byggja brú á milli íslenska tónlistarsamfélagsins og þeirra fjölmörgu erlendu fagaðila sem sækja hátíðina heim með því að bjóða upp ókeypis fræðsluviðburði af ýmsu tagi. Meðal fastra dagskrárlíða má nefna meistaranámskeið í umboðsmennsku sem er haldið í samstarfi við MMF Iceland og var árið 2025 leitt af Niamh Byrne, umboðskonu Blur og Gorillaz. Einnig voru tengslamyndunarfundirnir á sínum stað og voru þeir haldnir á Bingó á Skólavörðustíg. Þar bauðst íslensku tónlistarfólki og samstarfsfólki þeirra tækifæri til að bóka fundi með hátíðabókurum, umboðsfólki, útgefendum og fleiri fagaðilum hvaðanæva úr heiminum. Bransaveisla teygði anga sína víða með níu ólíkum viðburðum, en þar á meðal voru tvö ný verkefni sem þóttu standa uppúr:

Feedback: Nýliðun í menningarmiðlun

Menningarmiðlunarverkefnið Feedback var haldið í samstarfi við Reykjavík Grapevine. Verkefnið hófst á meistaranámskeiði þar sem Althea Legaspi, fréttaritstjóri Rolling Stone, Matthías Már, dagskrárstjóri Rásar 2, og Bart Cameron, ritstjóri Reykjavík Grapevine, gáfu þátttakendum innsýn í heim menningarmiðlunar. Í kjölfarið skrifuðu þátttakendur um Iceland Airwaves fyrir hönd Reykjavík Grapevine og nutu handleiðslu ritstjórnarteymis blaðsins, starfsfólks Tónlistarmiðstöðvar og fleiri alþjóðlegra miðla á meðan á hátíðinni stóð. Hópurinn bar hitann og þungan af umfjöllun um hátíðina og skilaði vönduðu efni. Verkefnið hefur þegar borið ríkan ávöxt þar sem meirihluti þátttakenda hefur haldið áfram að skrifa fyrir margvíslega menningarmiðla og þannig auðgað umfjöllun um íslenska tónlist.

Samtal um skapandi greinar: Rekstrarumhverfi tónlistar

Tónlistarmiðstöð, í samstarfi við Rannsóknarsetur skapandi greina, bauð til opins samtals um rekstrarumhverfi tónlistarfólks og tónlistarverkefna hér á landi. Viðburðurinn markaði fyrsta skrefið í aðgerðaáætlun tónlistarstefnu stjórnvalda, þar sem kveðið er á um að hefja skuli skoðun á rekstrarumhverfi tónlistar á Íslandi og bera það saman við Norðurlönd og önnur lönd þar sem tónlistariðnaður stendur sterkum fótum. Markmiðið var að leggja grunn að sameiginlegri framtíðarsýn og tryggja að rödd þeirra sem koma að rekstri í tónlist verði hluti af mótun og framkvæmd tónlistarstefnu stjórnvalda. Viðburðurinn samanstóð af framsögum og pallborði og var mjög vel sóttur.



Iceland Airwaves ráðstefnan

Iceland Airwaves ráðstefnan fór fram dagana 6.–7. nóvember. Líkt og fyrri ár sá Tónlistarmiðstöð, í samstarfi við Tónlistarborgina Reykjavík og Íslandsstofu, um skipulagningu og framkvæmd dagskrár fyrri dagsins.

Erindi Loga Más Einarssonar, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, opnaði dagskrá ráðstefnunnar en hápunktur hennar var tvímælalaust sófaspjall Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands, og Altheu Legaspi, fréttaritstjóra Rolling Stone. Þar var rýnt í arfleifð Kvennaveikfallsins á 50 ára afmæli þess og hvernig hún mótar menningarlífi dagsins í dag.



Á fimmta tug innlendra og erlendra fagaðila tóku þátt í dagskrá ráðstefnunnar og rýndu í helstu tækifæri og áskoranir alþjóðlega tónlistarbransans þessa dagana. Meðal annars var fjallað um breyttar neysluvenjur tónlistar, mikilvægi grasrótartarinnar, gervigreind og höfundarréttartekjur ásamt því að sjóninni var beitt innávið og sérstaða íslenska tónlistarumhverfisins var rædd.

Með allt á hreinu – Fræðsluröð

Ný fræðsluröð, Með allt á hreinu, hóf göngu sína í ágúst 2025. Markmið raðarinnar er að efla tónlistarfólk í hagnýtum þáttum starfsins. Á árinu fóru fram námskeið um styrki fyrir tónlistarfólk, útgáfumál og kynningarmál á Íslandi. Röðin heldur áfram árið 2026 með áherslu á tekjur og tengslanet en viðtökur sýna fram á mikla þörf fyrir hagnýta fræðslu á öllum stigum ferilsins.

Firestarter – Vinnustofur fyrir viðskiptastyrkhafa

Í samstarfi við Tónlistarborgina Reykjavík og Iceland Innovation Week voru haldnar þrjár hagnýtar vinnustofur fyrir aðila sem hlotið hafa viðskiptastyrki úr Tónlistarsjóði. Áhersla var lögð á verkefnastjórnun, markmiðasetningu, virðisgreiningu og stafræna markaðssetningu. Meirihluti þátttakenda voru skipuleggjendur tónlistarhátíða.

Skattamál og rekstrarform tónlistarfólks

Farið var yfir helstu málefni sem tengjast skattgreiðslum og rekstri tónlistarfólks. Fyrirlesari var Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi. Viðburðurinn var sérstaklega sniðinn að sjálfstætt starfandi tónlistarfólki, hljómsveitum og fagaðilum í tónlistargeiranum sem vilja öðlast betri skilning á skatta- og rekstrarlegri hlið tónlistarinnar.

Nótnaveitan 101

Tónlistarmiðstöð kynnti uppfærða vefbúð og aðra þjónustu sem miðstöðin veitir íslenskum tónskáldum. Snert var á flestu því sem viðkemur tónskáldum sem eiga verk í safninu, eins og höfundaréttargreiðslum og skylduskilum á nótum, í samvinnu við Landsbókasafn, og varanlega varðveislu nótna og handrita.

Tónaflakk

Fulltrúar miðstöðvarinnar heimsóttu Akureyri, Akranes og Blönduós á árinu til að kynna þjónustu miðstöðvarinnar, Tónlistarsjóð og endurgreiðsluferfið. Þessar ferðir eru mikilvægur liður í að tengjast tónlistarfólki um land allt og fræðast um staðbundna tónlistarsenu.

Vinnustofa fyrir tónlistarhátíðir

Tónlistarmiðstöð og Tónlistarborgin Reykjavík héldu vinnustofu fyrir tónlistarhátíðir á árinu þar sem farið yfir þann stuðning sem hátíðirnar geta sótt til bæði Tónlistarmiðstöðvar og Reykjavíkurborgar, auk styrkja sem standa til boða. Þá kynnti Tónlistarmiðstöð einnig mótun sjálfbærniLeiðbeininga fyrir tónlistargeirann og kallað var eftir fulltrúum hópsins í áframhaldandi mótun þeirra í samstarfi við Tónlistarmiðstöð. Þátttakendum var svo skipt í umræðuhópa þar sem fjallað var um rekstur, kynningar- og markaðsmál, samfélag, sjálfbærniLeiðbeiningu, aðgengi og sjálfbærni.



Stockfish - Kvikmyndatónlist – virði og vægi

Tónlistarmiðstöð stóð fyrir pallborðsumræðum undir yfirskriftinni „Kvikmyndatónlist – virði og vægi“ þann 11. apríl 2025 í sal miðstöðvarinnar. Viðburðurinn var hluti af dagskrá Stockfish kvikmyndahátíðarinnar og hafði það að markmiði að varpa ljósi á mikilvægi tónlistar í kvikmyndum og efla umræðu um réttindamál, samningsferla og samstarf milli tónskálda, leikstjóra og framleiðenda.

Feel the beat of IP

Hugverkastofa, í samstarfi við Tónlistarmiðstöð og STEF hélt „off-venue“ viðburð á Iceland Innovation Week í maí. Þar var fjallað um virði íslenskrar tónlistar, mikilvægi hugverkaréttinda fyrir tónlistarfólk og baráttuna við ólöglega tónlistarnotkun. Ýmsir aðilar sögðu þar að auki frá sinni reynslu af markaðssetningu og einkaleyfaskráningu.

Umboðsmennska 101

Tónlistarmiðstöð í samstarfi við MMF á Íslandi hélt fræðsluviðburð um umboðsmennsku í maí. Viðburðurinn var hugsaður fyrir þau sem hafa litla sem enga reynslu af umboðsmennsku en hefðu áhuga á að reyna fyrir sér, hvort sem um er að ræða sjálfsumboðsmennsku eða umboðsmennsku fyrir aðra.

Vinnustofa með Christiana Sudano

Undir lok árs var haldin vinnustofa með Christiana Sudano, umboðskona í Los Angeles, Nashville og Osló hjá Do Less Management og Sørum. Á vinnustofunni, sem var opin tónlistarfólki og fagfólki í tónlistargeiranum, fór Christiana yfir aðferðir og verkfæri sem nýtast í undirbúningi og skipulagningu verkefna árið 2026. Áhersla var lögð á hvernig undirbúa má tónlist og efni fyrir sync-tækifæri, hvernig móta má raunhæfa útflutnings- og útgáfustefnu, hvernig efla má sýnileika, auka fagmennsku og gera tónlist tilbúna til útgáfu.

Kynning á endurgreiðslu á kostnaði vegna hljóðritana

Í desember var haldin kynning á 25% endurgreiðslum á kostnaði vegna hljóðritana hér á landi. Leifur Björnsson, verkefnastjóri Record in Iceland, kynnti verkefnið og Sunna Jóhannsdóttir, sérfræðingur í Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti fór yfir umsóknarferlið og gaf umsækjendum góð ráð.

Hitakassinn

Hitakassinn er námskeið um tónlistarbransann fyrir hljómsveitir sem komast í úrslit Músíktílauna. Verkefnið hófst árið 2019 að frumkvæði Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur og hefur verið haldið allar götur síðan. Hitakassinn er samstarfsverkefni Tónlistarborgarinnar, Músíktílauna og Tónlistarmiðstöðvar. Markmiðið með Hitakassanum er að valdefla ungt tónlistarfólk sem er að stíga sín fyrstu skref í tónlistarbransanum með fyrirlesturum, pallborðsumræðum og hagnýtum verkefnum.

Starfsumhverfi tónlistarfólks - fyrirlestur fyrir nemendur í tónlistardeild LHÍ

Fulltrúar Tónlistarmiðstöðvar héldu fyrirlestur fyrir alla þriðja árs bakkalár nemendur í tónlistardeild Listaháskóla Íslands þann 10. október og var áherslan lögð á starfsemi og þjónustu Tónlistarmiðstöðvar, Tónlistarsjóð, endurgreiðslur vegna hljóðritana á tónlist og nótnaveitu Tónlistarmiðstöðvar. Alls voru nemendur um 20 talsins.



Heimsóknir, kynningar og fyrirlestrar

Á árinu heimsóttu fjölmargir innlendir og erlendir aðilar miðstöðina til að fræðast um starfsemina:

Söngnemar FÍH

Tónlistarskóli Félags íslenskra hljómlistarmanna

Nemendur í tónlistardeild LHÍ

Vísindaferð

Útskriftarnemendur Menntaskólans í tónlist (MÍT)

Nemendafélag Tónlistardeildar LHÍ

Nemendur í NAIP

Sköpun, miðlun, frumkvöðlastarf í LHÍ

Tónskáldafélag Íslands

Opinn fundur með Tónlistarmiðstöð í húsakynnum STEFs

FÍT

Kynning á Tónlistarmiðstöð á aðalfundi FÍT (Félag íslenskra tónlistarmanna), klassískrar deildar FÍH

Music Estonia

Tónlistarviðskiptaferð til Reykjavíkur

Tónlistarfólk og embættismenn á sviði menningar frá Burgas í Búlgaríu

Bæjarstjóri og embættismenn á menningarskrifstofu Druskininkai í Litháen

Ýmsir viðburðir í Tónlistarmiðstöð

Ýmsir aðilar vilja nýta sér aðstöðuna í Tónlistarmiðstöð og tenginguna við tónlistarsenuna fyrir viðburði og reynir miðstöðin að hýsa þá eftir bestu getu. Þó nokkrir slíkir viðburðir fóru fram í miðstöðinni á árinu:

Aðalfundur KÍTÓN (Konur í tónlist)

Aðalfundur Tónskáldafélags Íslands

Aðalfundur Klassís (Félag klassískra söngvara á Íslandi)

85 ára afmæli FÍT (Félag íslenskra tónlistarmanna)

Fundir Vöku þjóðlistafélags

Uppskeruhátíð Kúnstþásu

Verkefni á geðheilsusviði Landspítalans sem hefur það að markmiði að tengja geðendurhæfingu við tónlist og skapandi greinar

Kynning RÚV á nýrri tónlistarstefnu fyrir helstu hagaðilum tónlistargeirans	Lokaður viðburður tónlistarmannsins Guðmundar Steins um tengsl tónlistar og búddisma	Kynning Grant Dundermann á meistararitgerðinni „Iceland is LOUD: Antecedents of international success for Icelandic metal bands“.
Starfsdagur Rásar 2	Fundur Nordisk musikforleggerne	

Norræn vinnustofa um jafnrétti í tónlistargeiranum með rannsakendum og þátttakendum frá Norðurlöndunum

Aðgerðir í aðgerðaáætlun nýrrar tónlistarstefnu

Tónlistarstefnu stjórnvalda í málefnum tónlistar 2023 - 2030 fylgir aðgerðaáætlun og ber Tónlistarmiðstöð ábyrgð á eftirfylgni og framkvæmd fjölmargra aðgerða í henni. Aðgerðirnar eru tímasettar og þar sem Tónlistarmiðstöð hóf störf einu ári á eftir áætlun hefur tímafrestur til að ljúka aðgerðunum verið færður aftur um ár.

Hér má sjá stöðuna á þeim aðgerðum sem Tónlistarmiðstöð ber ábyrgð á:

Markmið	Aðgerð	Staða
Megináhersla 1. Tónlistarmenning og -menntun.		
1.1. Húsnæði til tónlistariðkunar verði greint og kortlagt.	1.1.1. Greint verði og kortlagt hvaða húsnæði í eigu hins opinbera, t.d. menningarhús eða félagsheimilium allt land, væri hægt að nýta undir sköpun, hljóðritun eða flutning tónlistar.	Í vinnslu Bæði menningarfulltrúar landshlutasamtakanna og Tónlistarborgin Reykjavík eru að kortleggja rými. Tónlistarmiðstöð skoðar framhaldið þegar þau gögn liggja fyrir.

Markmið	Aðgerð	Staða
Megináhersla 2. Tónlist sem skapandi atvinnugrein.		
2.1. Tónlistariðnaðurinn verði sterkur og framsækinn.	2.1.2. Hafin verði skoðun á rekstrarumhverfi tónlistarverkefna á Íslandi og það borið saman við rekstrarumhverfi tónlistarverkefna annars staðar á Norðurlöndum og í öðrum löndum þar sem tónlistariðnað er sterkur, þ.m.t. skattalega hvata.	Í vinnslu Fyrsti áfangi þessarar aðgerðar var samstarfsviðburður með Rannsóknarsetri skapandi greina á Bransaveislu Iceland Airwaves 2025 þar sem fjallað var um rekstrarumhverfi tónlistarverkefna hér á landi. Verkefni verður haldið áfram 2026.
2.2. Tónlist verði fullgild og eftirsóknarverð atvinnugrein.	2.2.1. Ráðist verði í kynningarátak á þeim störfum sem tónlistargeirinn býður upp á.	Í stöðugri þróun Árið 2025 komu út þrjú þættir af hlaðvarpinu Bransakjafæði þar sem rætt var við tónlistarfólk um störf þess í tónlistargeiranum. Tónlistarmiðstöð hélt fræðsluviðburð um umboðsmennsku í samstarfi við MMF árið 2025 og sérstakan fræðsluviðburð í samstarfi við kvikmyndahátíðina Stockfish um kvikmyndatónlist og starf kvikmyndatónskálda. Á heimasíðu Tónlistarmiðstöðvar er að finna yfirlit yfir helstu störf/hlutverk í tónlistargeiranum.
	2.2.2. Hvatt verði til aukins samstarfs og þekkingaryfirfærslu þvert á hugverkagreinar á sviði fyrirtækja- og atvinnuuppbyggingar.	Í stöðugri þróun Tónlistarmiðstöð leggur áherslu á að vinna þvert á hugverkagreinar. Á árinu var miðstöðin var með viðburði í samstarfi við Hugverkastofu á Iceland Innovation Week og hélt vinnustofur fyrir fyrirtæki í tónlistargeiranum í samstarfi við Iceland Innovation Week undir heitinu Firestarter. Þá var haldinn fræðsluviðburður um kvikmyndatónlist og starf kvikmyndatónskálda á Stockfish.
	2.2.3. Í nýrri Tónlistarmiðstöð verði svið sem sinni fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við tónlistarfólk á öllum stigum ferils þess og haldi úti verkefnum á borð við viðskipta-hraðla sem miði að því að styðja við uppbyggingu sprotafyrirtækja.	Lokið Fræðsla sem og ráðgjöf fyrir tónlistarfólk og aðra í tónlistargeiranum er á dagskrá allan ársins hring.

Markmið	Aðgerð	Staða
2.3. Betri yfirsýn fáist yfir umfang tónlistargeirans.	2.3.2. Tónlistarmiðstöð hýsi miðlægan grunn með ýmiss konar tölulegum upplýsingum um tónlist og sé tengiliður tónlistar við Hagstofu Íslands, háskólastofnanir og aðra sem sinna rannsóknum á sviði menningar og lista.	Í skoðun Þörf er á betra samtali við Hagstofuna sem og samtal við ráðuneytið um nálgun og útfærslu. Þá er Rannsóknarsetur skapandi greina (RSG) með mælaborð fyrir skapandi greinar á sinni könnu og spurning um samstarf. Tónlistarmiðstöð hefur unnið forgreiningu á mælaborði fyrir tónlist og deilt með RSG. Spurning hvort enn sé til staðar, sérstaklega af hálfu stjórnvalda, áhugi á rannsóknum á hagrænum áhrifum tónlistar þar sem meiri áhugi virðist vera á því að skoða samfélagsleg áhrif.
	2.3.3. Gerð verði greining á því í hvaða alþjóðlegu, evrópsku og norrænu tölfræðirannsóknum tengdum tónlist Ísland taki þátt og samstarfi verði komið á við Hagstofu Íslands um gerð aðgerðaáætlunar tengdri því.	
	2.3.4. Hafin verði skoðun á samstarfi við nágrannalönd um rannsóknir á hagrænum áhrifum tónlistar.	
	2.3.5 Vinna verði hafin við að móta mælaborð tónlistariðnaðarins.	

Markmið	Aðgerð	Staða
Megináhersla 3. Útflutningur á íslenskri tónlist.		
3.1. Útflutningstekjur af tónlist aukist.	3.1.1. Leitað verði leiða til að vekja athygli á íslenskri tónlist.	Í stöðugri þróun Tónlistarmiðstöð sinnir öflugri miðlun á sínum vettvangi og í samstarfi við Íslandsstofu. Sjá bæði umfjöllun um kynningar- og miðlunarstarf Tónlistarmiðstöðvar og verkefni á erlendri grundu.
	3.1.3. Skoðað verði hvernig virkja megi enn frekar samstarf við sendiskrifstofur Íslands erlendis í útflutningi og kynningu á íslenskri tónlist og tónlistarfólki.	Í stöðugri þróun Samtalið við sendiráðin er í góðum farvegi og fer fram eftir þörfum. Framkvæmdastjóri skilar áætlun yfir helstu verkefni erlendis á hverju ári til Íslandsstofu og tengilið við sendiráðin hjá Utanríkisráðuneytinu og þeir aðilar sjá um að miðla áfram til sendiráðanna.
	3.1.6. Skoðað verði hvernig efla megi kynningar á landinu, tónlist þess og tónlistarhátíðum.	Í stöðugri þróun Gert með kynningarsamstarfi við lykiltónlistarhátíðir innanlands, hátíðapottinum, miðlun á miðlum Tónlistarmiðstöðvar, ýmis konar PR samstarfi og verkefnum á erlendri grundu.
	3.1.7. Hafin verði greining á því hvenær á ferli tónlistarfólks mest þörf er fyrir útflutningsstuðning.	Ekki hafið Aðgerð verður sett í forgang árið 2026.

3.2. Tónlistargeirinn verði sjálfbær og umhverfisvænn.	3.2.1. Mótaður verði staðall fyrir tónlistarfólk, tónleikahaldara og tónlistarhátíðir um hvernig minnka megi kolefnisfótspor viðburða og tónleikaferðalaga og stuðla að meiri sjálfbærni.	Verkefni hafið Unnin hafa verið frumdrög að sjálfbærni leiðbeiningum og voru þær kynntar á vinnustofu tónlistarhátíða seint á árinu. Í kjölfarið skráðu sjö fulltrúar hátíða sig í vinnuhóp sem mun vinna með Tónlistarmiðstöð að því að ljúka verkefninu. Leiðbeiningarnar verða síðan aðgengilegar á heimasíðu Tónlistarmiðstöðvar, auk þess sem haldinn verður fræðsluviðburður.
--	---	---



Umsýsla Tónlistarsjóðs

Árið 2025 sinnti Tónlistarmiðstöð tveimur úthlutunum úr Tónlistarsjóði. Í byrjun árs var umsýsla vegna fyrri úthlutunar ársins kláruð í samráði við ráðuneyti og móttaka haldin fyrir styrkhafa í sal Tónlistarmiðstöðvar. Seinni úthlutun 2025 fór fram í júní og fyrri úthlutun 2026 í desember. Auk þess fór úthlutun ferðastyrkja fram á tveggja mánaða fresti.

Samtals bárust 810 umsóknir í stóru úthlutununum tveimur árið 2025 og 219 umsóknir um ferðastyrki yfir árið. Sjóðurinn veitti alls kr. 196.528.000 til 223 verkefna árið 2025. Af þeirri upphæð var kr. 77.033.000 úthlutað í fyrri úthlutun sjóðsins í janúar og kr. 56.335.000 í seinni úthlutun í júní. Útflutningsdeild Tónlistarsjóðs veitti jafnframt ferðastyrki á tveggja mánaða fresti, alls kr. 20.650.000 og að auki voru 13 verkefni með gilda langtímasamninga við sjóðinn sem hlutu samtals kr. 42.500.000.

Starfsmaður á vegum Tónlistarmiðstöðvar hefur yfirumsjón með úthlutunum úr sjóðnum og heldur utan um störf sjálfstæðra úthlutunarnefnda sem ráðherra skipar. Auk þess sinnir Tónlistarmiðstöð fræðslu, ráðgjöf og kynningu á sjóðnum en árið 2025 voru haldnar vinnusmiðjur fyrir umsækjendur ásamt því að sjóðurinn var kynntur í Tónaflakki, fræðsluferðum Tónlistarmiðstöðvar úti á landi og á sértækum fræðsluviðburðum, s.s. vinnusmiðjum fyrir hátíðir og fagfélög.



Nótnaveitan og varðveisla íslenskra tónverka

Tónlistarmiðstöð hefur það hlutverk að tryggja varðveislu og miðlun íslenskra tónverka. Í nótnaveitu miðstöðvarinnar eru á skrá rúmlega 12 þúsund verk eftir íslensk tónskáld sem veitan gerir aðgengileg til leigu og sölu. Með þessu stuðlar Tónlistarmiðstöð að því að menningararfur íslenskrar tónlistar sé verndaður og hans notið, bæði af tónlistarfólki og almenningi, hér á landi og erlendis.

Breytingar á ímynd Nótnaveitu

Í byrjun árs 2025 tók Tónlistarmiðstöð í notkun nýjar forsíður fyrir prentaðar nótur, sem hannaðar voru af Kolofon og hætti þá að nota gömlu Tónverkamiðstöðvarforsíðurnar. Nýju forsíðunum fylgja nýjar titilsíður og er útskorinn gluggi á forsíðuspjaldinu þar sem hægt er að lesa titil, höfund og hljóðfærasamsetningu í gegn.

Síðar á árinu voru svo gerðar umtalsverðar breytingar á Nótnaveitunni. Sölusíðan, sem upphaflega hafði verið smíðuð af danska forritunarhúsinu Dual árið 2023, var uppfærð til að endurspegla nýja ímynd Tónlistarmiðstöðvar. Ýmis virkni sem gagnleg var fyrir gömlu Tónverkamiðstöð, en sem býr nú á aðalsíðu Tónlistarmiðstöðvar, var fjarlægð af sölusíðunni, eins og fréttaveita og dagatal yfir flutning á verkum.


Sala og leiga á nótum 2025

Samanburður á sölu- og leigutekjum á milli 2025 og 2024

Tekjur af sölu og leigu á nótum námu samtals 4.363.084 kr. á árinu, en þar af voru 2.235.703 kr. vegna sölu og 2.127.381 kr. vegna leigu á partasettum. Heildartekjur jukust lítillega milli ára og voru 184.504 kr. hærri en árið 2024.


Samanburður á leigu og sölu á nótum árin 2024 & 2025

■ 2024
■ 2025



Sala og leiga eftir löndum/svæðum árin 2024 & 2025

■ 2024
■ 2025




Ef eingöngu er horft til leiguafgreiðslna ársins kemur í ljós að upphæð partaleiga innanlands nemur tæplega helmingi (48,8%) af heildartekjum, þrátt fyrir að þær séu aðeins 6 af 26 leiguafgreiðslum ársins. Þetta skýrist að stórum hluta af því að allir þeir frumflutningar ársins fóru fram á Íslandi. Við frumflutning leiguverks er rúkað sérstakt frumflutningsálag sem jafngildir einni venjulegri leigu. Við slíkar aðstæður fær tónskáldið 50% af fjárhæðinni í höfundarréttargreiðslur, sem hvetur til þess að leiga fari í gegnum Tónlistarmiðstöð.

Á myndinni hér að neðan er leiga skilgreind sem afgreiðsla á partasetti til leigu, óháð fjölda áætlaðra flutninga. Rúkað er sérstaklega fyrir hvern flutning, en þó yfirleitt með afslætti fyrir endurtekna flutninga.

Fjöldi leiga í kr. eftir löndum/svæðum


Norðurlönd	10,6%
Bretland	14%
Ísland	48,8%
Írland	1,6%
Portúgal	2%
Spánn	3,7%
Holland	4,8%
Eistland	4,9%
Þýskaland	9,6%



Samtals 2.127.381 kr.

Fjöldi leiga eftir löndum/svæðum

Norðurlönd	24,1%
Bretland	17,2%
Ísland	20,7%
Írland	3,4%
Portúgal	3,4%
Spánn	3,4%
Holland	3,4%
Eistland	3,4%
Þýskaland	20,7%




Samtals 26 skipti

Mikill meirihluti sölunnar fer fram í gegnum Nótnameitu Tónlistarmiðstöðvar, þó einnig sé eitthvað um sölu símleiðis eða í gegnum tölvupóst. Þegar sölufærslur eru skoðaðar kemur í ljós að meirihluti þeirra (57,8%) er til íslenskra viðskiptavina. Það endurspeglast þó ekki í sama mæli í tekjum, þar sem hlutfall þeirra af heildarsölu í krónum talið er 44,9%. Þetta bendir til þess að íslenskir viðskiptavinir kaupi oftast ódýrari verk, á meðan erlendir viðskiptavinir kaupa fremur stærra og dýrari verk eða eintök fyrir hvern kórmeðlim af kórverkum.


Sala eftir löndum/svæðum (>35.000 kr.)

Norðurlönd	14,4%
Bandaríkin	18,8%
Ísland	45%
Önnur lönd	4,5%
Sviss	-
Holland	1,7%
Belgía	2,9%
Bretland	4,4%
Þýskaland	6,6%



Samtals 2.235.703 kr.

Fjöldi sölufærslna (>10 færslur)



Samtals 661 færslur

Norðurlönd	11,3%
Bandaríkin	12,3%
Ísland	57,8%
Önnur lönd	8,6%
Sviss	-
Holland	-
Belgía	1,5%
Bretland	2,0%
Þýskaland	6,5%

Höfundarréttargreiðslur

Höfundarréttargreiðslur námu samtals 1.227.947 kr. sem samsvarar um 28% af heildartekjum nótnameitunnar á árinu og runnu greiðslurnar til 33 réttihafa Mikill meirihluti þessara greiðslna, eða 91,6% af heildarupphæð, rann til frumhöfunda tónverka. Afgangurinn skiptist þannig að 4,6% voru fjármunir sem höfðu verið undir lágmarksþröskuldi fyrir útgreiðslu árið 2024, 3,1% fóru til útsetjara fyrir verk í almannarétti og 0,2% til útsetjara fyrir höfundarvarða tónlist. Aðeins einn textahöfundur náði yfir lágmarksþröskuld, með 5.221 kr. greiðslu, sem samsvarar 0,5% af heildinni.

Í lok árs 2024 var höfundarréttarprósentum fyrir nótnameituna breytt þannig að aðrir réttihafar en tónskáld/frumhöfundar fá nú greitt fyrir sölu á hugverkum sínum. Þeir réttihafar sem bættust við eru textahöfundar, sem fá 8% af söluverði, og útsetjara. Höfundarréttarhlutfall útsetjara er 8% fyrir verk í höfundarrétti og 16,67% fyrir útsetningar á þjóðlögum eða annarri tónlist í almannarétti.

Þetta er í fyrsta sinn sem greitt er út í þessum nýju flokkum. Samanlagðar greiðslur til þeirra námu 42.796 kr. eða 3,8% af heildarhöfundarréttargreiðslum ársins. Gera má ráð fyrir að greiðslur í þessum flokkum aukist á næstu árum eftir því sem fleiri textahöfundar og útsetjara fara yfir lágmarksþröskuld til útgreiðslu. Höfundarréttargreiðslur sem eru undir þröskuldi safnast upp milli ára en fyrrast að þremur árum liðnum.

Önnur verkefni tónverkadeildar

Kórverkakynning á Norrænu kirkjukóramóti í Hallgrímskirkju og Tækniskólanum

Tónlistarmiðstöð var með bús á Norræna kirkjukóramótinu, sem fór fram 29. og 30. maí. Þar var kynnt úrval kirkjulegrar tónlistar úr nótnameitunni, mest a capella en einnig verk fyrir kór og hljómsveit, auk orgelverka. Af þessu tilefni var búið til safn verka í nótnameitunni, lagalisti á Spotify og einnig voru verkin útprentuð á staðnum.

Tölvusetningar

Tvær stórar tölvusetningar voru pantaðar á árinu til að liðka fyrir flutningi á hljómsveitarverkum úr safninu. Báðar voru unnar af Össuri Geirssyni og fjármagnaðar með Nótnameitunni STEFs, en prófakarlestur var í höndum verkefnastjóra tónverkasafns:

Klarínnettukonsertinn Búkolla eftir Þorkel Sigurbjörnsson fyrir flutninga í júlí 2025 með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og Gunnsteini Ólafssyni.

Sellókonsert Jóns Nordal fyrir flutning í mars 2026 með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Steinunni Arnbjörgu Stefánsdóttur og Bjarna Frímanni Bjarnasyni.

Aðrar minni tölvusetningar voru unnar innanhúss á árinu:

Píanótríóið Mánasilfur eftir Skúla Halldórsson.
Sönglagið Nótt eftir Árna Thorsteinson.
Kóragið Aldnar undir eftir Ingunni Bjarnadóttur.

Söfn og nótnameitjafir

Þó nokkurt magn nótnameitna og handrita barst safninu á árinu:

Hafliði Hallgrímsson sendi á árinu síðustu sendinguna af handritum sínum til Tónlistarmiðstöðvar, en hann hefur undafarin ár unnið að því að koma öllum handritum sínum til Íslands til varanlegrar varðveislu.

Hrafn Harðarson kom með lítinn bunksa af nótum, bæði handritum og útgefnu efni, eftir bræðurna Þórhall Árnason og Magnús Á. Árnason, auk tveggja laga eftir Ragnar Pálsson.

Okkur barst nótnameitun úr dánarbúi Ingvars Jónssonar, víóluleikara. Í safninu er nokkuð magn eldri íslenskra verka sem ekki eru í tónverkasafni Tónlistarmiðstöðvar, auk útsetninga eftir Ingvar sjálfan.

Tónlistarmiðstöð barst umtalsvert magn af raddskrá af íslenskum hljómsveitarverkum úr nótnameitunni Sinfóníuhljómsveitar Íslands (SÍ) frá nótnameitunni SÍ.

Tómas R. Einarsson skráði á árinu allar þær nótur sem hann hefur áður gefið út í nótnameitunni.

Í lok árs barst Tónlistarmiðstöð heildarsafn nótnameitna Hjalms H. Ragnarssonar, ásamt öðrum gögnum tengdum höfundarverki hans. Safnið er á stafrænu formi. Samhliða voru þær nótur sem þegar voru til af verkum hans í safninu yfirfarnar og bornar saman við verkalista hans, sem fylgdi safninu.

Kynning og miðlun

Lagalistar

Tónlistarmiðstöð heldur úti lagalistum á Spotify og Apple. Lagalistarnir eru kynntir á öllum þeim viðburðum sem miðstöðin tekur þátt í alþjóðlega ásamt því að vera kynntir hérlendis í samstarfi við ISAVIA, sem auglýsir þá á skjám í móttökusalnum á Keflavíkurflugvelli, og í samstarfi við Reykjavík Grapevine sem birtir auglýsingu um þá í hverju tölublaði.

Fylgjendur lagalista Tónlistarmiðstöðvar á Spotify

	2024	2025
Fylgjendur í janúar	35.605	35.782
Fylgjendur í desember	35.773	37.006
Vöxtur	+168	+1.169

Aukning fylgjenda lagalista var rúmlega sexfalt meiri árið 2025 (1.169) en hún var árið 2024 (168) og var heildartala fylgjenda lagalista 37.006 í lok árs 2025. Apple býður ekki upp á fylgjendatölur og því er ekkert yfirlit til.

Þessa miklu aukningu fylgjenda má að miklu leyti rekja til Iceland Music Love Letter lagalistans sem tekinn var í gagnið í byrjun árs 2025. Love Letter lagalistanum er stjórnað af gestastjórnendum í tengslum við viðburði sem Tónlistarmiðstöð kemur að og er þema hans að vera ástarbéf gestastjórnandans til íslenskrar tónlistar. Meðal gestastjórnenda árið 2025 má nefna Of Monsters and Men, Elínu Hall, Pál Óskar og Benna Hemm Hemm, Ásgeir, Árnýju Margræti o.fl. Alls fylgdu 766 manns listanum í lok árs 2025 og því má rekja 65% af aukningu fylgjenda á árinu til hans.

Samfélagsmiðlar

Tónlistarmiðstöð heldur úti hinum ýmsu samfélagsmiðlum og má skipta þeim eftir ráðandi tungumáli hvers miðils. Þannig erum við með Iceland Music, þ.e.a.s. enskumælandi miðla, á Facebook, LinkedIn, Instragram og Threads en Tónlistarmiðstöð, á íslensku, er virk á Facebook og Tik Tok. Fylgjendur samfélagsmiðla Tónlistarmiðstöðvar voru 37.578 í lok árs 2025 - aukning um rúmlega 2000 frá upphafi ársins.

Fylgjendur samfélagsmiðla Tónlistarmiðstöðvar

Miðill	Iceland Music	Tónlistarmiðstöð
Facebook	20.518 (+22)	2.210 (+156)
Instagram	8.172 (+967 / +13%)	-
TikTok	-	1.039 (+744 / +252%)
Threads	1.324 (+85)	-
LinkedIn	594 (+49)	-

Aukning fylgjenda árið 2025 var mest á TikTok (252%) og Instagram óx um 13% eða 967 fylgjendur en það er tvöfalt meiri aukning en árið 2024 (+462 fylgjendur). Facebook er enn lang stærsti miðill miðstöðvarinnar en enska síðan (Iceland Music) stendur meira og minna í stað á milli ára (+22).

Birtingar (impressions) 2024

~ 517.000

Birtingar á öllum miðlum

Birtingar (impressions) 2025

~ 981.000

+90% milli ára

Par af Reels áhorf

~ 587.572

Ekki skráð 2024


Heildarbirtingar á ensku Facebook-síðu miðstöðvarinnar drógust gríðarlega saman á milli ára (440.000 árið 2024 og 210.000 árið 2025) en á sama tíma var mikil aukning á Facebook síðu Tónlistarmiðstöðvar (64000 árið 2024 en 90.500 árið 2025). Þessa þróun má að mestu leyti rekja til þess að enska Facebook síða Tónlistarmiðstöðvar nær afar takmarkaðri dreifingu nema þegar um er að ræða alþjóðlega fréttmæmt efni (t.a.m. Óskars- eða grammy verðlaun) og miðstöðin miðlaði færri slíkum fréttum árið 2025 en hún gerði árið áður.

Þrátt fyrir þennan samdrátt á ensku Facebook-síðunni jukust heildarbirtingar samfélagsmiðla miðstöðvarinnar um meira en 90% á milli ára. Aukningin sprettur af markvissari áherslu á örmyndbönd á Instagram og TikTok en árið 2025 gaf miðstöðin út 92 slík myndbönd samanborið við 22 árið áður. Heildarfjöldi birtinga er þó ekki fyllilega sambærilegur á milli ára þar sem gögn um áhorf á Instagram Reels voru ekki tekin saman árið 2024. Þó má gera ráð fyrir að heildaráhorf það árið hafi verið umtalsvert minna, í samræmi við minna útgáfumagn.



Acoustic

Iceland Music




Pop

Iceland Music



Jazz

Iceland Music




Roadtrip

Iceland Music




Sic



Hits

Iceland Music




Hip Hop

Iceland Music



Art Music

Iceland Music



Da

Iceland Music

Fréttabréf Tónlistarmiðstöðvar

Tónlistarmiðstöð heldur úti tveimur fréttabréfum, einu á íslensku og öðru á ensku. Íslenska fréttabréfið þjónar fyrst og fremst fagfólki og hagsmunaaðilum innanlands með upplýsingum um styrki og ýmis tækifæri, auk áhugaverðra fréttu úr tónlistarheiminum. Enska fréttabréfið er helst kynningarvettvangur fyrir alþjóðleg verkefni miðstöðvarinnar, lagalista og aðra miðlun sem á erindi á alþjóðavettvangi.

Sendingar 2025

17

6 Iceland Music, 11 Tónlistarmiðstöð

Móttakendur

39.892

Meðal opnunarhlutfall

56%

Heimasíða

Ný og endurbætt vefsíða Tónlistarmiðstöðvar var tekin í notkun við hátiðlega athöfn þann 21. ágúst 2025. Vefurinn hýsir Tónlistarsjóð og Nótnameitu Tónlistarmiðstöðvar, lagalista, fréttaveitu, yfirlit yfir verkefni miðstöðvarinnar, allskonar fræðsluefni, yfirgripsmikinn leiðarvísi um íslenska tónlistariðnaðinn og margt fleira. Miðstöðin hélt áfram að miðla fréttum af íslenskri tónlist, tækifærum og öðru en á árinu birtust að meðaltali um 3 fréttir á viku. Umferð um vefinn taldi um 34 þúsund einstaka gesti og um 80 þúsund flettingar.

Myndbands- og hlaðvarpsframleiðsla

Miðstöðin tók þátt í framleiðslu á allskonar efni á árinu. Þar á meðal samantektarmyndböndum eftir hátíðirnar Myrka músíkdaga og State of The Art, ásamt framleiðslu á myndböndum til að vekja athygli á Myrkum músíkdögum 2026. Þá tók miðstöðin þátt í tvennum verkefnum, Northern Rising og Best Fit Sessions, sem unnin voru á Iceland Airwaves hátíðinni 2024 en komu út á fyrri hluta árs 2025. Einnig tók miðstöðin að sér framleiðslu á **New Music Picks** myndböndum fyrir hönd Reykjavík Grapevine og fékk í skiptum lagalistaauglýsingu í blaðinu.

Best Fit Sessions er myndbandasería sem unnin var í samstarfi við breska tónlistarblaðið The Line of Best Fit. Serían telur þrjú myndbönd og komu þar fram Sunna Margrét, Supersport og Lúpína. Myndböndin voru kynnt sem samstarfsverkefni blaðsins og Record in Iceland verkefnisins.

Northern Rising er hlaðvarpssería sem unnin er í samstarfi við bandaríska fjölmiðlamanninn Tim Pogo og gefin út af Reykjavík Grapevine. Í þáttunum beinir Tim sjónum sínum að ungu og upprennandi íslensku listafólki og fylgir þeim yfir Airwaves hátíðina. Þættirnir voru þrír talsins og voru viðmælendur Elín Hall, Sunna Margrét og virgin orchestra.

Hlaðvarpsserían **Bransakjafæði** var vakin úr dvala á árinu með þremur nýjum þáttum. Serían er hugsuð sem fræðsla og valdeflandi tól fyrir þau sem vilja starfa í tónlist. Fjallað er um tónlistarbransann og alla hans króka og kima en í þáttunum sem kom út á árinu var rætt við þau Herdís Stefánsdóttur, Pál Ragnar Pálsson og Rubin Pollock um þeirra tónlistarferil. Efnið er miðað að yngri kynslóðum, og því var það sérstaklega auglýst á TikTok-síðu miðstöðvarinnar og hlaut töluverða athygli í örmyndbandaformi.

Record in Iceland

Árið 2016 samþykkti Alþingi lög nr. 110 um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist en markmið laganna var að að efla tónlistariðnað á Íslandi með því að veita útgefendum hljóðrita, og eftir atvikum þjónustuaðilum, tímabundinn rétt til endurgreiðslu hluta kostnaðar sem fellur til við hljóðritun tónlistar hér á landi. Árið 2019 fékk Útflutningsskrifstofa Íslenskrar tónlistar það hlutverk að kynna þennan endurgreiðslu möguleika fyrir erlendum aðilum. Verkefnið miðaði að því að kynna Ísland sem vænlegan stað til að taka upp tónlist.

Þann 1. janúar 2024 tók Tónlistarmiðstöð við starfsemi ÚTÓN og þá var samningur um áframhaldandi kynningu á endurgreiðslunum gerður á milli ráðuneytisins og Tónlistarmiðstöðvar fyrir árið 2024. Þá bættist við sú nýjung að hlutverk Tónlistarmiðstöðvar í þessu samhengi næði einnig til kynningar á endurgreiðslum fyrir innlendum aðilum sem í raun má segja að hafi ekki verið nægilega vel sinnt fram að því. Í samræmi við aukið hlutverk var styrkfjárhæð endurskoðuð og hækkuð fyrir árið 2024 úr 7 m.kr. í 9,5 m.kr. Sá samningur var endurnýjaður í óbreyttri mynd fyrir árið 2025. Það er því hlutverk Tónlistarmiðstöðvar að kynna endurgreiðslur á kostnaði vegna hljóðritunar á Íslandi fyrir bæði innlendum og erlendum aðilum. Þessu verkefni sinnir Tónlistarmiðstöð allan ársins hring, bæði með sérstökum móttökum og fræðsluviðburðum en einnig með svörun fyrirspurna símleiðis og með tölvupóstum, ásamt framleiðslu á markaðs- og kynningarefni og viðhaldi vefsíðunnar recordiniceland.is og íslenskri upplýsingasíðu á heimasíðu Tónlistarmiðstöðvar.

Kynning á Record in Iceland árið 2025 fólst aðallega í eftirfarandi:

Kynningar og móttökur

Verkefnið var kynnt á fjölda alþjóðlegra tónlistarhátíða og ráðstefna, svo sem Eurosonic, SXSW, The Great Escape, Reeperbahn, WOMEX og AIM Connected, auk sérstakra kynningarviðburða í tengslum við Taste of Iceland í borgum á borð við Chicago, Nashville, Toronto og Tokyo. Á kynningarviðburðum tengdum Taste of Iceland var einnig lögð áhersla á tengslamyndun við fagfólk í kvikmyndaiðnaði í nánú samstarfi við Film In Iceland. Record in Iceland var ennfremur kynnt af krafti héraðs og má þar nefna kynningar á Stockfish kvikmyndahátíðinni, í Hitakassanum, á Iceland Airwaves ráðstefnunni og á sérstökum fræðsluviðburði Tónlistarmiðstöðvar í desember. Ennfremur var verkefnið kynnt í fræðsluferðum Tónlistarmiðstöðvar á Akureyri, Akranesi og Blönduósi og fyrir öllum þeim fjölmörgu innlendu og erlendu aðilum sem sóttu Tónlistarmiðstöð heim á árinu.

Miðlun og efnisgerð

Áfram var unnið að efnisgerð í samstarfi við alþjóðlega miðla. Þar má nefna myndbönd framleidd af The Line of Best Fit og hlaðvarpsþættina Northern Rising í samstarfi við Reykjavík Grapevine. Record in Iceland var kynnt sem stuðningsaðili í öllu kynningarefni tengdu verkefnum. Ítarlegar upplýsingar um Record in Iceland voru birtar á íslensku á vef Tónlistarmiðstöðvar á árinu en fram að því hafði meiri áhersla verið lögð á upplýsingar á ensku. Ennfremur var kynningarefni verkefnisins uppfært, glærुकynningar og prentað markaðsefni fékk andlitslyftingu og verður þeirri vinnu haldið áfram af krafti á árinu 2026. Record in Iceland fékk umfjöllun í erlendum miðlum á árinu og vakti athygli fagfólks víðsvegar að úr heiminum sem skilaði sér í auknum áhuga og fyrirspurnum. Áfram verður lögð áhersla á markvissa kynningu, tengslamyndun og samstarf við fagaðila til að auka sýnileika Íslands og efla hljóðritun og framleiðslu á tónlist héraðs.

Starfs- og rekstraráætlun 2026

Á árinu 2026 mun Tónlistarmiðstöð leggja áframhaldandi áherslu á að móta starfsemi miðstöðvarinnar sem fellur undir Inntón en þar er um að ræða fræðslu og þróun og uppbyggingu innviða í íslensku tónlistarlífi. Þessi þáttur starfseminnar fékk aukið vægi með stofnun nýrrar Tónlistarmiðstöðvar en í stefnu ríkisins í málefnum tónlistar 2023 -2030 kemur fram með skýrum hætti að forsendan fyrir blómlegt tónlistarlíf er sú að hlúð sé að öllum þáttum þess. Sem endranær skipa útflutningsverkefni og alþjóðleg kynning á íslenskri tónlist stóran sess í starfsemi miðstöðvarinnar sem og rekstur nótnaveitunnar, umsýsla Tónlistarsjóðs og öflug miðlun upplýsinga til íslenskrar tónlistarsenu. Á árinu 2026 starfa alls 8 starfsmenn hjá Tónlistarmiðstöð í 7 stöðugildum og því fækkar stöðugildum miðstöðvarinnar enn frekar frá fyrsta starfsári hennar.

Verkefni erlendis

Áherslumarkaðir í alþjóðlegu starfi Tónlistarmiðstöðvar á árinu 2026 eru Bandaríkin, Kanada, Bretland, Þýskaland og Norðurlöndin. Á þessum mörkuðum fara flest útflutningsverkefnin fram. Þátttaka í mörgum af helstu showcase tónlistarhátíðum Evrópu og Bandaríkjana skipar stóran sess í starfi miðstöðvarinnar nú sem áður en þar er um að ræða hátíðir eins SXSW í Bandaríkjunum, Eurosonic í Hollandi, The Great Escape í Bretlandi, jazzahead! og Reeperbahn í Þýskalandi, by:Larm í Noregi og Classical:NEXT sem fram fer í Búdapest að þessu sinni. Þátttöku íslensks tónlistarfólks í Taste of Iceland (TOI) í Norður-Ameríku verður fram haldið en árið 2026 fer TOI fram í Washington DC, New York, Toronto og Seattle.

Þá verður aukin áhersla lögð á kanadískan tónlistarmarkað með þátttöku í viðskiptaleiðangri EMEE (European Music Exporters Exchange) í maí og áframhaldandi stuðningi við þátttöku íslensks jazz-tónlistarfólks í jazztónlistarhátíðum þar í landi.

Nokkur ný útflutningsverkefni verða á dagskrá. Þar á meðal er tilraunaverkefni sem miðar að því að auka samstarf mikilvægra showcase tónlistarhátíða á Norðurlöndunum með það að markmiði að skapa aukin tækifæri fyrir norrænt tónlistarfólk til að koma fram á hátíðum í sínum nágrannalöndum. Hátíðirnar sem taka þátt eru SPOT í Árósum, by:Larm í Osló og Iceland Airwaves í Reykjavík. Útflutningsskrifstofur Danmerkur, Noregs og Íslands eru einnig þátttakendur í verkefninu en það hlaut á dögnum styrk frá Norræna menningarsjóðnum og leiðir Tónlistarmiðstöð verkefnið í samstarfi við SPOT.

Annað nýtt verkefni er þátttaka Tónlistarmiðstöðvar í Berlin Month of Contemporary Music. Í samstarfi við Initiative Neue Musik Berlin (INM) og alþjóðlega samstarfsaðila, býður Tónlistarmiðstöð þremur íslenskum fagaðilum í tónlist (tónskáldum, flytjendum, listrænum stjórnendum eða forsvarsmönnum tónlistarhópa) einstakt tækifæri til að kynnast kjarna samtímatónlistarsenunannar í Berlín í október 2026. Ferðin verður farin í tengslum við Mánuð samtímatónlistar (Month of Contemporary Music) sem verður haldinn í tíunda sinn í ár en á sama tíma fer einnig fram sérstök hljómsveitahátíð, Ensemble Festival.

Þá stefnir Tónlistarmiðstöð á þátttöku í viðskiptaleiðangri til Seoul í Suður-Kóreu í september Ferðin verður miðuð að fagaðilum í tónlist sem vinna með tónlistarfólki sem hefur áhuga á að tengja við þarlenda K-pop senu. Auglýst verður eftir þátttakendum en það er sænska útflutningsskrifstofan, Music Export Sweden, sem skipuleggur og leiðir þá ferð.

Að lokum ber að nefna að Taste of Iceland verður haldið í London í september og þar mun tónlistardagskrá skipa stóran sess, auk þess sem haldnar verða móttökur fyrir fagaðila og kynning fer fram á Record in Iceland.

Verkefni innanlands

Kynningarsamstarf við innlendar tónlistarhátíðir

Reynsla síðustu ára hefur sýnt að áhrifaríkasta og hagkvæmasta leiðin til að kynna íslenska tónlist á alþjóðavísu er í gegnum íslenskar tónlistarhátíðir. Á erlendum mörkuðum er oft barist um athygli í mettuðu umhverfi á meðan að heima við verður upplifunin af senunni dýpri og milliliðalausari. Ísland er háværra heima.

Því mun Tónlistarmiðstöð halda uppteknum hætti og halda áfram samstarfi við Iceland Airwaves, Jazzhátíð Reykjavíkur og Myrka músíkdaga. Eins er mikilvægt að halda áfram að víkka netið og í því skyni hefur Hátíðapotturinn verið festur í sessi.

Samstarfshátíðir Hátíðapottsins árið 2026 verða Mannfólkið breytist í slím á Akureyri og kammertónlistarhátíðin Seigla sem haldin er í Hörpu. Þar að auki verður áfram unnið með samtímatónlistarhátíðinni State of the Art til að fylgja eftir þeim árangri sem náðist á síðasta ári.

Fræðsla og ráðgjöf

Fræðsludagskrá Tónlistarmiðstöðvar árið 2026 tekur mið af þörfum starfandi tónlistarfólks og fagaðila eins og þær birtust í viðamikilli könnun miðstöðvarinnar sumarið 2025. Áfram verður lögð áhersla á að valdefla tónlistarsamfélagið með hagnýtri þekkingu, ráðgjöf og aukinni samvinnu við innlenda og erlenda hagaðila. Fyrri hluti ársins fer í að ljúka fræðsluröðinni Með allt á hreinu, þar sem sjónum er beint að grunnþáttum

Í rekstrarumhverfi tónlistarfólks, svo sem tekjustofnum og útgáfumálum. Á haustdögum verður áherslan færð yfir í sértækari þætti tónlistargeirans með það að markmiði að kynna fjölbreytt störf innan geirans og styðja þannig við aðgerðir í tónlistarstefnu stjórnvalda. Bransaveisla í tengslum við Iceland Airwaves og Hitakassinn fyrir úrslitahljómsveitir Músiktilrauna í samstafi við Tónlistarborgina Reykjavík verða áfram á sínum stað. Þá verður samstarfi haldið áfram við lykilaðila á borð við MMF Iceland og Stockfish kvikmyndahátíðina. Fastir liðir á borð við kynningar á Tónlistarsjóði, nótnaveitu og 25% endurgreiðslukerfi Record in Iceland verða áfram reglulegir, bæði á höfuðborgarsvæðinu og í gegnum Tónaflakk miðstöðvarinnar um landið.

Nýtt áhersluverkefni ársins er innleiðing á sjálfbærnitékksslista fyrir tónlistarhátíðir og tónlistarfólk á ferðalögum. Miðstöðin mun áfram bjóða upp á einstaklingsbundna ráðgjöf sérfræðinga í gegnum fjar- og staðfundi til að mæta ólíkum áskorunum tónlistarfólks á öllum stigum ferilsins.

Átak til að auka hlustun á íslenska tónlist á streymisveitum
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti hefur gert samning við Tónlistarmiðstöð um átaksverkefni sem miðar af því að auka hlustun á íslenska tónlist á streymisveitum hér á landi. Í samstarfi við Rannsóknarsetur skapandi greina, hefur Tónlistarmiðstöð látið útbúa könnun sem send verður á stórt 3.000 manna úrtak Félagsvísindastofnunar þar sem spurt verður út í hlustun fólks á tónlist, og þá sérstaklega íslenska tónlist. Niðurstöður könnunarinnar ættu að liggja fyrir um mánaðamótin maí/júní en í haust verður síðan farið í sérstakt kynningarátak, í samstarfi við fjölmarga aðila, til að hvetja fólk til að hlusta meira á íslenska tónlist á streymisveitum.

Önnur innlend verkefni
Af öðrum innlendum verkefnum sem skipa sess í starfi Tónlistarmiðstöðvar á árinu 2026 má nefna eftirfylgni og framkvæmd aðgerða í aðgerðaáætlun stefnu stjórnvalda í málefnum tónlistar, svo sem kortlagningu rekstrarumhverfis og mótun mælaborðs íslenska tónlistargeirans í samstarfi við Rannsóknarsetur skapandi greina. Umsýsla Tónlistarsjóðs er stórt verkefni Tónlistarmiðstöðvar á ári hverju en alls sinnir Tónlistarmiðstöð tveimur almennum úthlutunum á árinu og sex úthlutunum ferðastyrkja. Þá standa vonir til að hægt verði að ráðast í stefnumótun Tónlistarmiðstöðvar til næstu ára en hún hefur verið lögð til hliðar á meðan skýrari sýn fæst á framtíðarfjármögnun Tónlistarmiðstöðvar af hálfu stjórnvalda.

Þáttur

Nótnaveitan

Vorið 2026 verður nótnaveitan þýdd yfir á íslensku. Danska forritunarstofan Dual sér um verkefnið, en starfsfólk Tónlistarmiðstöðvar verður henni innan handar með að fara yfir bráðabirgðavélþýðingar og leiðréttu villur. Forritararnir hafa endurhannað bakendakerfi nótnaveitunnar þannig að starfsfólk Tónlistarmiðstöðvar geti samtímis haldið utan um enska og íslenska hlið síðunnar þaðan.

Á árinu mun kynningarátak á verkum valinna tónskálda hefjast. Útbúið verður safn (Collection) af tónverkum eins tónskálds í einu og það kynnt sérstaklega undir heitinu „Tónskáld mánaðarins“ . Á meðan átakið fer fram eru verk viðkomandi tónskálds á afslætti. Vefsölukerfi nótnaveitunnar býður þegar upp á þessa virkni. Markmiðið er svo að skipta mánaðarlega um tónskáld. Til að byrja með verður aðaláhersla lögð á kórtónlist.

Annars verður starfsemi nótnasafnsins með hefðbundnum hætti, með þeim fjölbreyttu verkefnum sem því fylgja: Þjónustu við viðskiptavini, flytjendur, tónskáld og fræðafólk, móttöku og skráningu á tónverkum í safnið, auk viðhalds og miðlun á þeim ríflega 12.000 verkum sem þegar eru í safninu.

Þáttur

Miðlun

Þáttur

Lagalistar
Árið 2026 markar ákveðin tímamót í umsjón með lagalistum Tónlistarmiðstöðvar. Gögn fyrri ára sýndu fram á stöðnun á stærri listum líkt og Iceland Music Indie á meðan að lifandi listar eins og Love Letter uxu gríðarlega. Árið hófst því á endurskipulagningu þar sem áherslan færðist á færri en markvissari lista. Byggt verður á velgengni Love Letter listans með því að bjóða listafólki og fagaðilum að taka yfir stjórn annarra lista. Þetta eykur trúverðugleika listanna og gefur tækifæri til að fjalla um gestastjórnandann og tengda viðburði. Á sama tíma verða lagalistar sem hafa lítið hreyfst færðir í geymslu (arkívaðir) eða sameinaðir til að hreinsa ásýnd okkar á streymisveitum.

Þáttur

Markmiðið er að lagalistar miðstöðvarinnar hætti að vera „geymsla“ og verði lifandi miðlun sem endurspeglar það sem er að gerast hjá Tónlistarmiðstöð, og í íslensku tónlistarsenunni almennt, hverju sinni.

Þáttur

Stafræn miðlun og vörumerkjaþróun
Miðstöðin leggur aukna áherslu á framleiðslu kynningarefnis fyrir hin margvíslegu verkefni sem hún sinnir:

Þáttur

Tónlistarsjóður
Í tengslum við síðari úthlutun ársins 2025 voru framleidd fjögur kynningarmyndbönd sem komu í stað hefðbundins fræðsluviðburðar. Myndböndin hlutu gríðarlega dreifingu og skiluðu sér í marktækri aukningu á umsóknum. Þessu fyrirkomulagi verður haldið áfram árið 2026.

Þáttur

Record in Iceland
Verkefnið heldur áfram efnisframleiðslu í samstarfi við alþjóðlega miðla, en samhliða er unnið að heildstæðri andlitslyftingu á vörumerkinu. Markmiðið er að styrkja ásýnd Íslands sem eftirsóknarverðs upptökulands.

Þáttur

Nótnaveita Tónlistarmiðstöðvar

Í kjölfar opnunar á nýrri íslenskri lendingarsíðu fyrir nótnaveituna verður farið í markvisst átak til að kynna þessa þjónustu á innlendum markaði.

Rekstraráætlun 2026

Rekstraráætlun Tónlistarmiðstöðvar fyrir árið 2026 byggir á rekstrarframlagi frá bæði ríki og stofnaðilum, umsýslubóknun fyrir Tónlistarsjóð, umsýslu- og verkefnaframlagi frá ríki vegna kynningar á Record in Iceland, verkefnaframlagi vegna átaks til að auka hlustun á íslenska tónlist á streymisveitum og tekjum af sölu og leigu á tónverkum í nótnaveitu Tónlistarmiðstöðvar. Þá koma til ýmsar aðrar tekjur, m.a. frá Íslandsstofu vegna verkefna erlendis og kynningarsamstarfs við innlendar tónlistarhátíðir. Rekstrarframlag ríkis lækkar um 5 m.kr. á milli áranna 2025 og 2026 en á móti kemur hærra framlag stofnaðila og sérstakt framlag frá ríki vegna áður nefnds átaks. Gjöld Tónlistarmiðstöðvar á árinu 2026 felast í launakostnaði, húsnæðis- og rekstrarkostnaði og verkefnakostnaði.

Fyrirhuguð er frekari lækkun á rekstrarframlagi ríkis til Tónlistarmiðstöðvar á árunum 2027 og 2028 og það er ljóst að síðar á árinu 2026 verður Tónlistarmiðstöð að skera niður í rekstri sínum til að mæta því.

Tekjur 2026

Rekstrarframlag ríkis	145,0
Verkefnaframlag ríkis - vegna átaks	10
Record in Iceland - kostnaður og umsýsla	9,5
Tónlistarsjóður, umsýsla	9,5
Framlag stofnaðila	10,0
Sala tónverka og styrkir	6,3
Aðrar tekjur	14,5

Heildartekjur (í m.kr.) 204,8

Gjöld 2026

Laun	124,5
Húsnæði og annar rekstur	31,4
Verkefnakostnaður	48,6

Heildargjöld (í m.kr.) 204,5

Niðurstaða (í m.kr.) 0,3

Fólkið á bak við Tónlistarmiðstöð

Stjórn

Einar Bárðarson, stjórnarformaður,
skipaður af ráðherra menningarmála

Sólrún Sumarliðadóttir
skipuð af ráðherra menningarmála

Ásmundur Jónsson
tilnefndur af Félagi hljómplötuframleiðenda (FHF)

Guðrún Björk Bjarnadóttir
tilnefnd af STEF

Gunnar Hrafnsson
tilnefndur af Félagi íslenskra hljómlistarmanna (FÍH)

Páll Ragnar Pálsson
tilnefndur af Tónskáldafélagi Íslands (TÍ)

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir
tilnefnd af Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT)



Starfsfólk

Anna Rut Bjarnadóttir, sérfræðingur
Árni Hjörvar Árnason, markaðs- og kynningarstjóri
Egill Gunnarsson, umsjónarmaður tónverka
Finnur Karlsson, verkefnastjóri tónverkasafns
Leifur Björnsson, sérfræðingur
María Rut Reynisdóttir, framkvæmdastjóri
Signý Leifsdóttir, sérfræðingur
Sigtryggur Baldursson, sérfræðingur



Útgáfa

Ljósmyndir
Brian FitzGibbon, Casper Maas, Julia Huikeshoven, Juliette Rowland,
Karl Ágúst Guðmundsson, Mummi Lú, Sunna Ben og Timothee Lambrec

Hönnun og umbrot
Kolofon hönnunarstofa

Ritstjórn
Árni Hjörvar Árnason
María Rut Reynisdóttir

Tónlistarmiðstöð
Austurstræti 5
101 Reykjavík

www.tonlistarmidstod.is